



Forsætisnefnd

Reykjavík, 11. desember 2024

MSS22040246

**Alþjóðastefna Reykjavíkur til 2030:
Skýrsla um stöðu innleiðingar í desember 2024 ásamt tillögu um aðgerðaáætlun
2025 til 2026**

Lagt er til að forsætisnefnd samþykki tillögu skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að nýrri aðgerðaráætlun alþjóðastefnu sem gildi til loka kjörtímabils eða maí/júní 2026, eins og hún er sett fram í hjálagðri skýrslu um stöðu innleiðingar stefnunnar. Tillagan felur í sér áframhald þeirra sjö aðgerða sem skilgreindar voru í alþjóðastefnu 2021, auk tveggja nýrra aðgerða:

Alþjóðastefna Reykjavíkur til 2030
Aðgerðaáætlun 2025 til 2026

Áframhald núverandi aðgerða

1. Kynning stefnu í stjórnkerfinu og útfærsla í starfsemi
2. Handbók um alþjóðamál Reykjavíkurborgar
3. Starfshópur um alþjóðamál
4. Sókn í alþjóðleg rannsókn- og nýsköpunarverkefni
5. Bætt verklag heimsókna og rafrænt umsóknarferli
6. Bætt skipulag ferða starfsfólks og kjörinna fulltrúa
7. Greining á þörf og rekstrarumhverfi alþjóðaskóla í Reykjavík

Nýjar aðgerðir

8. Markvissari ráðstefnusókn
9. Orðspor Reykjavíkur á alþjóðavettvangi

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Hjálagt:

Alþjóðastefna Reykjavíkur til 2030: Skýrsla um stöðu innleiðingar í desember 2024 ásamt tillögu um aðgerðaáætlun 2025 til 2025.

Yfirlit aðgerða.

Alþjóðastefna Reykjavíkur til 2030.



Reykjavík



Alþjóðastefna Reykjavíkur til 2030

Skýrsla um stöðu innleiðingar í desember 2024
ásamt tillögu um aðgerðaáætlun
2025 til 2026

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
11. desember 2024

MSS22040246



Reykjavík





Efnisyfirlit

Útdráttur og tillögur	4
1. Inngangur	5
2. Aðgerðaáætlun	5
3. Staða aðgerða í desember 2024 – ásamt tillögu að nýrri aðgerðaáætlun	5
<i>Áframhald núverandi aðgerða</i>	
3.1 Aðgerð 1: Kynning stefnu í stjórnkerfinu og útfærsla í starfsemi	6
3.2 Aðgerð 2: Handbók um alþjóðamál Reykjavíkurborgar	8
3.3 Aðgerð 3: Starfshópur um alþjóðamál	10
3.4 Aðgerð 4: Sókn í alþjóðleg rannsókn- og nýsköpunarverkefni	12
3.5 Aðgerð 5: Bætt verklag heimsókna og rafrænt umsóknaferli	18
3.6 Aðgerð 6: Bætt skipulag ferða starfsfólks og kjörinna fulltrúa	20
3.7 Aðgerð 7: Greining á þörf og rekstrarumhverfi alþjóðaskóla í Reykjavík	22
<i>Nýjar aðgerðir</i>	
3.8 Aðgerð 8: Markvissari ráðstefnusókn	24
3.9 Aðgerð 9: Orðspor Reykjavíkur á alþjóðavettvangi	26



Útdráttur og tillögur

Alþjóðastefna Reykjavíkur til 2030 var samþykkt 20. apríl 2021. Starfshópur um alþjóðamál sem fylgt hefur stefnunni eftir í samvinnu við starfsfólk skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og fleiri var skipaður með erindisbréfi 25. maí 2022 og starfaði skv. því út árið 2023.

Unnið hefur verið að öllum sjö aðgerðum stefnunnar frá samþykkt hennar. Aðgerðum eitt, þrjú og fjögur hefur þegar verið hrint í framkvæmd en um er að ræða viðvarandi verkefni sem þarf að halda áfram. Aðgerðir tvö, fimm, sex og sjö eru komnar mislangt á veg. Vegna anna í öðrum verkefnum hjá atvinnu- og borgarþróunarteymi, sem heldur utan um innleiðingu alþjóðastefnu, lá vinna niðri við innleiðingu annarra aðgerða en þeirrar fjórðu, frá upphafi árs 2024 og fram í október 2024.

Nú eru gerðar tillögur til forsætisnefndar um áframhald starfsins og nýja og endurskoðaða aðgerðaáætlun:

Alþjóðastefna Reykjavíkur til 2030

Aðgerðaáætlun 2025 til 2026

<i>Áframhald núverandi aðgerða</i>	<i>bls.</i>
1. Kynning stefnu í stjórnkerfinu og útfærsla í starfsemi	6
2. Handbók um alþjóðamál Reykjavíkurborgar	8
3. Starfshópur um alþjóðamál	10
4. Sókn í alþjóðleg rannsókn- og nýsköpunarverkefni ¹	12
5. Bætt verklag heimsókna og rafrænt umsóknarferli	18
6. Bætt skipulag ferða starfsfólks og kjörinna fulltrúa	20
7. Greining á þörf og rekstrarumhverfi alþjóðaskóla í Reykjavík	22
 <i>Nýjar aðgerðir</i>	
8. Markvissari ráðstefnusókn	24
9. Orðspor Reykjavíkur á alþjóðavettvangi	26

¹ Áður þekkt sem aðgerð undir heitinu *Aukin þekkingarsókn og þátttaka í samstarfsáætlunum ESB*.



1. Inngangur

Alþjóðastefna Reykjavíkur til 2030 var samþykkt í borgarstjórn 20. apríl 2021. Vinna við stefnuna hófst sumarið 2018 en hún leysir af hólmi *Stefnu Reykjavíkurborgar í erlendum samskiptum frá 2005*.

2. Aðgerðaáætlun

Í stefnunni segir að fyrsta aðgerðaáætlun nái til 2 ára og sé áhersla lögð á reglubundna endurskoðun hennar. Þá segir að framtíðarsýn, meginmarkmið og áherslur stefnunnar hafi verið hafðar til hliðsjónar við mótun þessarar fyrstu aðgerðaáætlunar og sé ætlað að vera það einnig við endurskoðun hennar. Endurskoðun aðgerðaáætlunar sé á ábyrgð skrifstofu borgarstjóra og borgarritara í samvinnu við fagsvið og starfshóp (kallaður faghópur í stefnunni). Þá segir að greiningar- og stöðumatsvinna við mótun stefnunnar hafi að miklu leyti beint „sjónum að fyrirkomulagi alþjóðamála í stjórnkerfi borgarinnar – að það þyrfti að styrkja og auka miðlæga samhæfingu.“ Fyrsta aðgerðaáætlunin taki því að mestu til fyrirkomulags alþjóðamála í stjórnkerfinu og að hún samanstandi af sjö aðgerðum:²

1. Kynning stefnu í stjórnkerfinu og útfærsla í starfsemi
2. Handbók um alþjóðamál Reykjavíkurborgar
3. Faghópur um alþjóðamál
4. Aukin þekkingarsókn og þátttaka í samstarfsáætlunum ESB
5. Bætt verklag heimsókna og rafrænt umsóknarferli
6. Bætt skipulag ferða starfsfólks og kjörinna fulltrúa
7. Greining á þörf og rekstrarumhverfi alþjóðaskóla í Reykjavík

3. Staða aðgerða í desember 2024 – ásamt tillögu að nýrri aðgerðaáætlun

Vinna er hafin við allar sjö aðgerðir stefnunnar. Þannig hefur aðgerðum eitt, þrjú og fjögur þegar verið hrint í framkvæmd en viðfangsefni þeirra eru í raun viðvarandi. Hinar aðgerðirnar eru misjafnlega langt á veg komnar. Hér er lagt til að halda áfram öllum þeim aðgerðum sem þegar voru hafnar og bæta tveimur við:

Áframhald núverandi aðgerða

10. Kynning stefnu í stjórnkerfinu og útfærsla í starfsemi
11. Handbók um alþjóðamál Reykjavíkurborgar
12. Starfshópur [áður faghópur] um alþjóðamál
13. Sókn í alþjóðleg rannsókn- og nýsköpunarverkefni³
14. Bætt verklag heimsókna og rafrænt umsóknarferli
15. Bætt skipulag ferða starfsfólks og kjörinna fulltrúa
16. Greining á þörf og rekstrarumhverfi alþjóðaskóla í Reykjavík

Nýjar aðgerðir

17. Markvissari ráðstefnusókn
18. Orðspor Reykjavíkur á alþjóðavettvangi

Fjallað er ítarlega um hverja aðgerð fyrir sig á næstu síðum.

² Alþjóðastefna Reykjavíkur til 2030, bls. 22-24. Sótt 20.9.2024 á https://reykjavik.is/sites/default/files/2021-04/althjodastefna_reykjavikur_til_2030.pdf

³ Áður þekkt sem aðgerð undir heitinu *Aukin þekkingarsókn og þátttaka í samstarfsáætlunum ESB*.



3.1 Aðgerð 1

Kynning stefnu í stjórnkerfinu og útfærsla í starfsemi

Stutt lýsing á aðgerð

Aðgerðinni er lýst á bls. 26-28 í *Alþjóðastefnu Reykjavíkur til 2030*⁴ en hún snýst um að kynna stefnuna í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. Aðgerðin er á ábyrgð skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og var gert ráð fyrir að hún hæfist á fyrstu 6 mánuðum eftir samþykkt stefnu og væri innan innan fjárhagsramma.

Aðgerðinni er ætlað að skapa yfirsýn um og tryggja innleiðingu stefnunnar og virkt samstarf í málaflokknum, m.a. á vettvangi starfshóps um alþjóðamál, en svið bera sjálf ábyrgð á innleiðingu stefnunnar í eigin starfsemi og útfærslu hennar í eigin starfsáætlun.

Unnið að kynningu með hléum frá 2022

Kynning og umræður um útfærslu í starfsemi hófust síðsumars 2022 þegar starfshópur um alþjóðamál með fulltrúum flestra sviða og skrifstofa í stjórnkerfinu tók til starfa. Fyrsta eiginlega kynning fyrir öðru starfsfólki fór fram 14. desember sama ár á mannauðs- og starfsumhverfissviði og hefur stefnan nú verið kynnt á fimm sviðum og einni skrifstofu miðlægrar stjórnsýslu.

Gert er ráð fyrir að kynningum á þeim sviðum og skrifstofum sem eftir eru, alls á fimm stöðum, ljúki fyrir sumarið 2025 en að þeim loknum verði hugað að næsta kynningarhring (endurkynningu). Einnig verði unnið að því að koma kynningu á stefnunni inn í stafrænt fræðslukerfi fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar, Torgið.

Eftirfarandi er yfirlit um kynningar sem lokið hefur verið við og eru fyrirhugaðar:

2025 (fyrirhugaðar kynningar)

(ódagsett)	Borgarlögmaður
(ódagsett)	Innri endurskoðun og ráðgjöf
(ódagsett)	Menningar- og íþróttasvið
(ódagsett)	Skrifstofa borgarstjórnar
(ódagsett)	Umhverfis- og skipulagssvið

2023 (kynningu lokið)

30.11.2023	Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
27.11.2023	Skóla- og frístundasvið
21.11.2023	Þjónustu- og nýsköpunarsvið
11.9.2023	Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
23.5.2023	Fjármála- og áhættustýringarsvið
2.2.2023	Velferðarsvið

2022 (kynningu lokið)

14.12.2022	Mannauðs- og starfsumhverfissvið
------------	----------------------------------

⁴ Reykjavíkurborg. *Alþjóðastefna Reykjavíkur til 2030* (Reykjavík: Reykjavíkurborg, 2021), 25-28. Sjá: https://reykjavik.is/sites/default/files/2021-04/althjodastefna_reykjavikur_til_2030.pdf



Staða í desember 2024:

- *Aðgerð hefur verið hrint í framkvæmd en verkefnið þarf að vera viðvarandi svo viðhalda megi þekkingu starfsfólks á tilvist stefnunnar, markmiðum og áherslum.*

Tillaga um aðgerðina í aðgerðaáætlun 2025 til 2026:

1. **Kynning stefnu í stjórnkerfinu og útfærsla í starfsemi**

Aðgerð

- *Alþjóðastefna og aðgerðir hennar, þ.m.t. um alþjóðleg rannsókn- og nýsköpunarverkefni, kynntar og innleiddar í starfsemi borgarinnar skv. nýrri áætlun. Áætlunin feli í sér kynningu á öðru alþjóðastarfi borgarinnar, s.s. á vettvangi Eurocities, OECD, Bloomberg og því alþjóðastarfi sem unnið er á ólíkum sviðum og skrifstofum í borgarkerfinu. Eins verði hugað að því hvernig hægt er að styðja svið og skrifstofur við innleiðingu alþjóðastefnu í eigin starfsáætlun og starfsemi.*

Meginmarkmið aðgerðar

- *Að tryggja innleiðingu og virkt samtal og samstarf í málaflokknum.*

Ábyrgð

- *Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara og starfshópur um alþjóðamál.*

Tímasetning

- *Áætlun verði mótuð á fyrsta ársfjórðungi 2025 og unnið eftir henni til loka kjörtímabils, til maí 2026.*

Kostnaður

- *Innan fjárhagsramma.*

Rökstuðningur

- *Halda þarf áfram að kynna stefnuna í stjórnkerfi borgarinnar til að tryggja innleiðingu og virkt samtal og samstarf í málaflokknum.*



3.2 Aðgerð 2

Handbók um alþjóðamál Reykjavíkurborgar

Stutt lýsing á aðgerð

Aðgerðinni er lýst á bls. 29-33 í *Alþjóðastefnu Reykjavíkur til 2030*⁵ en hún snýst um að draga saman á einn stað sögu, þekkingu og verklag um alþjóðamál Reykjavíkurborgar með það að markmiði að auka yfirsýn og gagnsæi og auðvelda framkvæmd mála.

Drög unnin áfram með áherslu á rannsókn- og nýsköpunarverkefni

Verkefnisstjóri alþjóða- og húsnæðismála í teymi atvinnu- og borgarþróunar á skrifstofu borgarstjóra- og borgarritara hefur eftir föngum tekið saman efni í gegnum árin fyrir handbók um alþjóðamál. Frumdrög að handbók eru því þegar til og hefur fyrirkomulag vinnslu og útgáfu verið rædd í starfshópi um alþjóðamál og í atvinnu- og borgarþróunarteymi. Hvorki er afmarkað fjármagn né mannaflí til vinnslu handbókarinnar og hefur frekari vinnsla og útgáfa vikið fyrir öðrum verkefnum teymisins.

Með nýjum verkefnisstjóra alþjóðlegra rannsókna- og nýsköpunarverkefna í nóvember 2024 (sjá aðgerð 4) verður farið í frekari vinnu við mótun verklags um þann þátt alþjóðamála. Vænta má að afurðir úr þessari vinnu verði hluti af nýrri handbók um alþjóðamál, ásamt því efni sem þegar hefur verið unnið í tengslum við málaflokk rannsókna og nýsköpunar.

Staða í desember 2024:

- *Talsvert efni hefur þegar verið dregið saman. Um viðvarandi verkefni er að ræða, þar sem reglulega þarf að uppfæra handbækur sem þessar. Verkefnið hefur hins vegar í biðstöðu vegna anna við önnur verkefni á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.*
- *Með ráðningu nýs verkefnastjóra alþjóðlegra rannsókna og nýsköpunarverkefna er áhersla nú lögð á mótun verklags um þann þátt alþjóðamála og að gera honum skil í handbók.*

⁵ Reykjavíkurborg. *Alþjóðastefna Reykjavíkur til 2030* (Reykjavík: Reykjavíkurborg, 2021), 29-33. Sjá: https://reykjavik.is/sites/default/files/2021-04/althjodastefna_reykjavikur_til_2030.pdf



Tillaga um aðgerðina í aðgerðaáætlun 2025 til 2026:

2. Handbók um alþjóðamál Reykjavíkurborgar

Aðgerð

- Fyrsta útgáfa handbókar um alþjóðamál verði gefin út með verklagsreglum um alþjóðleg rannsókn- og nýsköpunarverkefni.

Meginmarkmið aðgerðar

- Draga saman fræði og þekkingu um alþjóðasamskipti, einkum borga.
- Draga saman sögu og þekkingu á alþjóðamálum borgarinnar og framkvæmd, s.s. verklagi við alþjóðleg rannsókn- og nýsköpunarverkefni.
- Gera upplýsingar um alþjóðasamskipti Reykjavíkur aðgengilegar starfsfólki, kjörnum fulltrúum og almenningi.
- Auðvelda kjörnum fulltrúum, stjórnendum og starfsfólki alþjóðasamskipti.

Ábyrgð

- Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Tímasetning

- Fyrsta útgáfa gefin út fyrir árslok 2025.

Kostnaður

- Innan fjárhagsramma.

Samstarfsaðilar

- Starfshópur um alþjóðamál og e.a. annað starfsfólk sviða og skrifstofa.

Rökstuðningur

- Halda þarf áfram að kynna stefnuna í stjórnkerfi borgarinnar til að tryggja innleiðingu og virkt samtal og samstarf í málaflokknum.

3.3 Aðgerð 3 Starfshópur um alþjóðamál

Stutt lýsing á aðgerð

Aðgerðinni er lýst á bls. 32-35 í *Alþjóðastefnu Reykjavíkur til 2030*⁶ en Skipan starfshóps (í stefnunni kallaður faghópur) var kynnt í borgarráði þann 25. maí 2022⁷ og fundaði hópurinn í fyrsta skipti 31. ágúst 2022. Hópurinn var skipaður til ársloka 2023 og fundaði níu sinnum. Hann fjallaði um það sem fyrir hann var lagt í erindisbréfi, einkum aðgerðir alþjóðastefnunnar, en einnig um alþjóðamál í víðara samhengi. Fundargerðir má finna undir málsnúmeri MSS22040246 en fundir starfshópsins voru eftirfarandi (í öfugri tímaröð):

<i>Nr.</i>	<i>Dags.</i>	<i>Efni fundar</i>
9	23.11.2023	Efst á baugi, innleiðing, heimsóknir, ráðstefnur
8	25.10.2023	Efst á baugi, kynning og innleiðing, heimsóknir
7	30.8.2023	Efst á baugi, innleiðing stefnu og heimsóknir
6	5.6.2023	Greinargerð um stöðu innleiðingar, heimsóknir
5	8.5.2023	Staða innleiðingar, framkvæmd heimsókna, kynning
4	28.3.2023	Alþjóðlegt rannsókn- og þróunarsamstarf (R&D)
3	26.10.2022	Kynning á alþjóðastefnu: Aðgerð 1 og kortlagning
2	28.9.2022	Kynning á alþjóðastefnu
1	31.8.2022	Kynning á verkefnum starfshóps og umræður

Í starfi hópsins komu fram ýmsar áskoranir, m.a. að ná fulltrúum saman. Gripið var til þess ráðs, í samráði við stjórnendur, að fulltrúar sendu staðgengla í forföllum sínum svo hægt væri að halda reglubundnum takti í starfi hópsins.

Nú er lagt til að svið og skrifstofur tilnefni tvo fulltrúa hvert sem geti leyst hvor annan af og tryggt þannig reglubundinn takt í starfi hópsins. Til að tryggja snertifleti við öll verkefni á sviði alþjóðamála á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, s.s. alþjóðlegar rannsóknir og ferðaþjónusta, er einnig lagt til að þrjú fulltrúar frá skrifstofunni taki sæti í hópnunum.

Staða í desember 2024:

- *Aðgerð er hafin og verkefnið viðvarandi. Starfshópurinn lauk störfum í árslok 2023 en fulltrúar hafa rætt óformlega síðan og m.a. unnið að þessari skýrslu.*

⁶ Reykjavíkurborg. *Alþjóðastefna Reykjavíkur til 2030* (Reykjavík: Reykjavíkurborg, 2021), 32-35. Sjá: https://reykjavik.is/sites/default/files/2021-04/althjodastefna_reykjavikur_til_2030.pdf

⁷ Málsnúmer MSS22040246. Tillaga borgarritara um skipan starfshóps um alþjóðamál, lögð fram á fundi borgarráðs þann 25. maí 2022. Sjá: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/8_starfshopur_um_althjodamal_reykjavikur._mss22040246.pdf



Tillaga um aðgerðina í aðgerðaáætlun 2025 til 2026:

3. Starfshópur um alþjóðamál Reykjavíkurborgar

Aðgerð

- Nýr starfshópur skipaður með erindisbréfi í desember 2024.

Meginmarkmið aðgerðar

- Sömu og fyrri hóps, sjá bls. 32-33 í Alþjóðastefnu Reykjavíkur til 2030.

Ábyrgð

- Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Tímasetning

- Hópurinn starti frá upphafi árs 2025 og til loka kjörtímabils, eða maí 2026 og þá taki við nýr hópur.

Kostnaður

- Innan fjárhagsramma.

Samstarfsaðilar

- Ýmsir aðilar innan og utan borgarkerfis, s.s. sérfræðingar og fulltrúar erlendra borga.

Rökstuðningur

- Sjá bls. 35 í Alþjóðastefnu Reykjavíkur til 2030.

Skipan

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara (SBB): 3 fulltrúar, þar af formaður

Fjármála- og áhættustýringarsvið (FAS): 2 fulltrúar

Mannréttinda og lýðræðisskrifstofa (MAR): 2 fulltrúar

Menningar-, íþrótt- og tómstundasvið (MÍR): 2 fulltrúar

Mannauðs- og starfsumhverfissvið (MOS): 2 fulltrúar

Skrifstofa borgarstjórnar (SBS): 2 fulltrúar

Skóla- og frístundasvið (SFS): 2 fulltrúar

Umhverfis- og skipulagssvið (USK): 2 fulltrúar

Velferðarsvið (VEL): 2 fulltrúar

Þjónustu- og nýsköpunarsvið (PON): 2 fulltrúar

3.4 Aðgerð 4

Sókn í alþjóðleg rannsókn- og nýsköpunarverkefni⁸

Stutt lýsing á aðgerð

Aðgerðinni er lýst á bls. 38-41 í Alþjóðastefnu Reykjavíkur til 2030⁹ en hún snýst um að Reykjavíkurborg nýti þau tækifæri sem felist í alþjóðlegum samstarfsverkefnum og umsóknum í sjóði, sérstaklega evrópska, með það að meginmarkmiði að:

- að efla þátttöku og árangur í rannsókn- og nýsköpunarumhverfi Evrópu.
- að afla rannsókn- og nýsköpunarstyrkja sem styðja við og fjármagna stefnur og áherslur Reykjavíkur og sem skapa tækifæri til nýsköpunar í Reykjavík.
- að afla þekkingar og efla þekkingarfærslu þvert á starfsemi Reykjavíkur.
- að efla tengsl við íslenskt og erlent þekkingar- og nýsköpunarsamfélag.
- að auka aðdráttarafl Reykjavíkur sem rými (samfélagslegrar) nýsköpunar, sjálfbærni og tækniframfara.
- að efla hæfni Reykjavíkur til að takast á við framtíðina og umbreytingar sem henni fylgja.

Meðal væntra afurða aðgerðarinnar voru áætlun um þátttöku í nýrri rannsóknaráætlun Evrópu sem fæli í sér: skoðun á rekstrarfyrirkomulagi rannsóknamála hjá Reykjavíkurborg; eftt samstarf við íslenskt þekkingarsamfélag; fræðslu um rannsóknar- og nýsköpunaráætlanir ESB og vinnulag við umsóknargerð og þátttöku í ESB verkefnum; sókn í ESB verkefni og áætlanir og þörun þeirra við við áætlanir og verkefnaáherslur Reykjavíkurborgar; styrki til rannsókna og nýsköpunar, sér í lagi tengdum loftslagsaðgerðum.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara (SBB) ber ábyrgð á aðgerðinni en vinnur að henni í samstarfi við starfshóp um alþjóðamál, fag- og kjarnasvið og miðlægar skrifstofur. Í aðgerðaáætluninni var gert ráð fyrir að verkefnið færi af stað á árunum 2020-21 og að það rúmaðist innan þáverandi fjárheimilda.

Endurskoðun verkefna og straumlínulögun ferlis

Árið 2024 var viðburðarríkt á sviði alþjóðlegra rannsóknar- og nýsköpunarverkefna. Árið 2023 hafði farið fram endurskoðun (e. *audit*) á alþjóðlegum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum Reykjavíkurborgar sem var skilað endanlega í ágúst 2024, ásamt ábendingum. Til að einfalda ferlið við að sækja viðeigandi upplýsingar, ef farið yrði aftur í gegnum slíka endurskoðun, var ákveðið að straumlínulaga ferlið í kringum alþjóðaverkefni þvert á sviði borgarinnar.

Verkefnið mikilvæg fyrir þekkingu en efla þarf stefnumótun og umgjörð

Í febrúar 2024 skilaði Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála (SSS) við Háskóla Íslands úttekt á reynslu borgarinnar af þátttöku í stórum fjölþjóðlegum samstarfsverkefnum. Frá árinu 2017 hefur borgin fengið greitt vegna þátttöku í slíkum verkefnum tæplega 260 milljónir króna, styrkt að fullu í gegnum rammaáætlun Evrópsku framkvæmdastjórnarinnar. Í úttekt SSS kemur skýrt fram að þátttaka í slíkum verkefnum veitir tækifæri til þekkingaröflunar sem borgin nýtur góðs af og að mikilvægt sé að stoðþjónusta sé til staðar sem bjóði sérfræðiþekkingu á því sviði til þeirra sem hyggjast sækja slíka styrki. Einfeldast

⁸ Áður þekkt sem aðgerð undir heitinu *Aukin þekkingarsókn og þátttaka í samstarfsáætlunum ESB*.

⁹ Alþjóðastefna Reykjavíkur til 2030 (2021), bls. 36-40. Sjá: https://reykjavik.is/sites/default/files/2021-04/althjodastefna_reykjavikur_til_2030.pdf



sé að sú stoðþjónusta sé staðsett áfram á SBB. Þá var tekið fram að efla mætti tengingu við fagsvið á umsóknartíma og verkefni hýst hjá fagsviðum þegar þau einskorðast við eitt svið. Þar kemur einnig fram að æskilegt sé að borgin marki sér stefnu um æskilegt umfang þessara verkefna.

Aðgerðaáætlun um þátttöku í alþjóðlegum rannsóknum og nýsköpun

Brugðist var við þessum ábendingum með gerð Aðgerðaráætlunar Reykjavíkurborgar 2024-2026 um þátttöku í alþjóðlegum rannsókn- og nýsköpunarverkefnum sem var lögð fyrir forsætisnefnd þann 1. mars sl. Í kjölfarið var aðgerðaráætlunin send í öll fagráð til umsagnar og þann 7. júní fór aðgerðaráætlunin aftur til forsætisnefndar til samþykktar. Helstu áherslur í nýrri aðgerðaráætlun eru að:

- Byggja upp þekkingu innan stjórnkerfis til að sinna alþjóðaverkefnum
- Endurskoða verklag við fjármálalega umsýslu verkefna
- Bæta stjórnsýslulega umsýslu umsókna
- Auka vitund og áhuga innan sviða borgarinnar
- Bæta samstarf við hönnun og kostun verkefna sem ganga þvert á svið borgarinnar
- Koma í veg fyrir mannauðsmissi þegar verkefnastjórar ljúka Evrópuverkefnum og hætta störfum

Markviss sókn í alþjóðasamstarfi í samráði og samvinnu við fagsvið

Umsagnir voru mjög jákvæðar og undirstrikuðu mikilvægi þess að Reykjavíkurborg sæki markvisst fram í alþjóðasamstarfi og nýti tækifæri sem felast í slíkri þátttöku. Tekið var undir þá staðhæfingu að nauðsynlegt væri að bæta stjórnsýslulega umsýslu umsókna og ítrekað að mikilvægt væri að innleiða skýrari ferla fyrir umsóknarferli styrkja, rekjanleika í fjársýslu verkefna og uppgjör styrkja. Allar umsagnir gáfu til kynna að viðkomandi fagráð hefðu áhuga á að sjá fleiri alþjóðaverkefni á sínu sviði í framtíðinni. Markviss sókn í samráði og samvinnu við fagsviðin er því tímabær.

Starfshópur og verklagsreglur um fjársýslu Evrópuverkefna

Sérstakur starfshópur um fjársýslu Evrópuverkefna var settur á laggirnar sumarið 2024 og skilaði af sér kafla um verklagsreglur vegna fjársýslu alþjóðlegra rannsókn- og nýsköpunarverkefna þann 4. júlí 2024 sem lagt er til að verði endurskoðaðar eftir eins árs reynslutímabil. Í verklagsreglunum er kveðið á um ábyrgð sviða sem hýsa verkefni, FAS og alþjóðlegs rannsókn- og nýsköpunarteymis (ARON) á SBB varðandi fjársýslu Evrópuverkefna. Mikilvægt er að öll sem taki þátt í Evrópuverkefnum þekki til strangra reglna varðandi tímaskráningar og skráningu kostnaðar í slíkum verkefnum. Þá er sérstaklega tilgreint hvernig beri að taka á móti styrkjum erlendis frá samkvæmt leiðbeiningum frá FAS og hvað skuli gera ef ytri endurskoðun (e. audit) á sér stað.

Þessar verklagsreglur munu nýtast inn í safn verklagsregla sem brýnt er að gera um sókn og umsýslu alþjóðlegra rannsókn- og nýsköpunarverkefna árið 2025. Sérstaklega er tekið fram í þessum reglum að ARON á SBB skuli fá hluta af „overhead“ greiðslum vegna allra alþjóðaverkefna til að standa undir kostnaði við að reka rannsóknarþjónustu sem veitir sviðum fagþekkingu á sviði sóknar í alþjóðlega sjóði og hvernig skuli útfæra það.



- Verkefni sem kláruðust árið 2024: [IMPULSE](#) og [SPARCs](#).
- Önnur verkefni í rekstri árið 2024:

Á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (SBB):

- [AMIGOS](#) og [Twinning verkefni með borginni Lahti](#)

Vinnustofa var haldin í AMIGOS verkefninu til að meta upplifun á byggingarsvæðinu Hlemmi annars vegar, og til að meta hindranir við grænar og virkar samgöngur hinsvegar, og inngrip við þeim. Á vinnustofuna mættu 22 þátttakendur og voru þátttakendur afar ánægðir með vinnustofuna.

Heimsókn vegna Twinning verkefnis var afar vel heppnuð, mikil sérfræðipekking í hópnum sem gagnast inn í önnur Evrópuverkefni og til að ná markmiðum um kolefnishlutleysi borgarinnar. Verkefnið snýr að því að læra af Lahti í Finnlandi um hvaða aðferðir þau hafa beitt til að ná árangri í hegðunarbreytingu gagnvart ferðavenjum og nýta þær sem fyrirmynd fyrir Reykjavíkurborg.

Á umhverfis- og skipulagssviði (USK):

- [Climate City Contract](#)
Loftslagsborgasamningur [NetZeroCities](#). Aðild að einum af 5 meginleiðöngrum Evrópu: Evrópusamstarf um 112 kolefnishlutlausar og snjallar borgir 2030. Veitir aðgang að sérstökum styrkjum, Reykjavíkurborg hefur fengið fjóra slíka nú þegar. Reykjavíkurborg tekur þátt í samstarfi um kolefnishlutlausar borgir og hefur það markmið að verða kolefnishlutlaus og snjallvædd árið 2030. Árið 2022 varð Reykjavík mission borg, með þátttöku í Evrópusamstarfi um 112 kolefnishlutlausar og snjallar borgir árið 2030. Drögum að loftslagsborgarsamningi var skilað í október 2024 og kemur í ljós vorið 2025 hvort hann verði viðurkenndur.
- [Pilot city: Piercing through the gridlocks](#)
Styrkur sem er veittur til að styðja við samningsvinnu um loftslagsborgir. Lögð verður áhersla á að skilja hvernig ákvarðanir varðandi samgöngur og úrgang eru teknar af íbúum og fyrirtækjum í borginni til að undirbyggja aðgerðir sem gætu leitt til hegðunarbreytinga í átt að grænna samfélagi. Samstarfsaðili er Háskóli Íslands
- [Loftslagssjóður ungs fólks](#)
Verkefnið er styrkt af Bloomberg Philanthropies og snýr að því að styrkja ungmenni til góðra verka tengdum loftslagsmálum. [Uthlutað var í september sl.](#) og er nú til skoðunar hvort borgin taki áfram þátt í verkefninu 2025. Sjá nánar:



- **Verkefni sem hófust árið 2024:**

- **GreenInCities**

Verkefnið, sem er rekið á [Suðurmjóstið](#) (VEL), snýr að því að gera ætigarð í efra Breiðholti en þar er inngilding og grænum markmiðum borgarinnar blandað saman á áhugaverðan og frumlegan máta.

- **Nordic Smart City Network**

Norrænt samstarf sem snýr að því að efla borgir á norðurlöndum til tengslamyndunar með það að markmiði að auðvelda snjallvæðingu borganna og samvinnu borga á milli. Þátttaka í verkefninu var færð til SBB á árinu þar sem hún hafði legið niðri undanfarin ár.

Farið var til Riga og til Barselóna á Smart City Expo til að hitta hópinn og ræða samstarfsverkefni næstu ára. Kostnaður ferðanna var að mestu greiddur af Nordic Smart City Network. Einnig sótti hópurinn um styrk til Norrænu ráðherranefndarinnar til að prófa verkefni á sviði hringrásarhagkerfis í byggingariðnaði sem hafa reynst vel í norrænum borgum í öðrum norrænum borgum. Svar ætti að berast fyrir áramót og líklegt að sá styrkur muni líka fjármagna áframhaldandi starf og ferðalög hópsins.

- **Verkefni sótt 2024 en hefjast 2025 ef styrkir fást og verða samþykktir:**

- **ICEWATER**

Fyrsta verkefni sem Reykjavíkurborg tekur þátt í sem er styrkt af LIFE áætluninni. Það snýr að innleiðingu vatnaáætlunar á Íslandi og þáttur Reykjavíkurborgar snýst um vatnasvið Tjarnarinnar, að ná efnafræðilegu ástandi þess í gott. Styrkupphefð Reykjavíkurborgar er rúmlega milljón evrur. LIFE styrkir krefjast kostnaðarþátttöku og borgin er því skuldbundin til að skila tímum starfsmanna inn í verkefnið.

- **HYCELAND**

Verkefni sem Landsvirkjun og Linde fara fyrir og snýr að því að byggja upp vetnishagkerfi á Íslandi. Reykjavíkurborg veitti vilýrði fyrir verkefninu og umhverfis- og skipulagssvið ætla að kaupa vetnisbíla og taka þátt í verkefninu.

- **Developing the future of a climate neutral city**

Styrkurinn tengist loftslagsborgasamningi. Styrkurinn verður nýttur til að meta loftslagsáhrif uppbyggingar í Reykjavík og hvaða leiðir er til að draúr þeim. Miðað er að því að meta áhrif uppbyggingar á hreyfihegðun íbúa, borinn verður saman umhverfiskostnaður mismunandi bílastæðalausna og loftslagsáhrif ólíkra byggingarefna og framkvæmda. Samstarfsaðili Reykjavíkur í þessari styrkumsókn er VSÓ.

- **Innovation through gaming solutions**

Verkefni styrkt af NPA sjóði. [Nýsköpunarstofa Menntunar](#) óskaði sérstaklega eftir þátttöku Reykjavík Science City þar sem verkefnið snýr að því að styðja við nýsköpunarstarf með leikjaívaði og leitað



var til Reykjavíkur til að ræða hverskonar stuðningur við nýsköpun hefur reynst vel.

- **Fjarkönnun og kvik mælanet**
Reykjavíkurborg studdi við innsendingu tillögu um verkefni á nýjan vegvísi að rannsóknarinnviði á Íslandi. Verkefnið snýr að uppbyggingu innviða til opinnar miðlunar og mælinga á náttúrufari á lofti, láði og legi með mismunandi undirstöðum. Það styður uppbyggingu innviða sem gera kvikar mælingar mögulegar. Engar fjárhagslegar skuldbindingar fylgja þessum stuðningi.
- **Raptor:**
Sótt var um Raptor verkefnið, sem snýr að því að borgir senda út sínar áskoranir. Raptor auglýsir áskorunina til nets af evrópskum sprotafyrirtækjum, sem keppast um að leysa áskorunina. Reykjavík sótti um lausn á bílameningunni í borginni með hjálp smáforrits. Verkefnið varð þó ekki fyrir valinu og því mun Reykjavík ekki taka þátt í verkefninu.
- **Verkefni framundan tengd umsóknum vegna alþjóðlegra rannsókna- og nýsköpunarverkefna**
 - **[Horizon Europe](#)**
Köll verða áfram skimuð í leit að tækifærum til að styðja við áherslur Græna plansins.
 - **[LIFE Programme](#)**
Haft hefur verið samband við borgina til þess að ræða áhuga við sókn tveggja nýrra LIFE verkefna, annarsvegar á sviði hringrásarhagkerfis og hinsvegar vegna aðlögunar að loftslagsbreytingum.
 - **[Nordic Smart City Network](#)**
Ef styrkur frá Norrænu ráðherranefndinni fæst þarf að velja verkefni sem gætu hentað vel í Reykjavík og styðja við að þau komist til framkvæmda hér.



Staða í desember 2024:

- Nýr verkefnastjóri alþjóðlegra rannsókna- og nýsköpunarverkefna hóf störf í nóvember og mun leiða áfram vinnu við umgjörð verkefnanna og styrkjasókn.

Tillaga um aðgerðina í aðgerðaáætlun 2025 til 2026:

4. Sókn í alþjóðleg rannsókna- og nýsköpunarverkefni

Aðgerð

- Áfram verði unnið að alþjóðlegum rannsókna- og nýsköpunarverkefnum á grundvelli þess sem rakið er í greinargerðinni hér að framan, þ.e. þeirri vinnu sem liggur fyrir og þegar samþykktri aðgerðaáætlun. Stærstu fyrirliggjandi verkefni varðandi umgjörð mála eru að klára gerð efnis í handbók um alþjóðamál og kynna fagsviðum og skrifstofum tækifæri á því sviði. Auk þess að skapa yfirsýn um verkefni sem hýst eru á sviðum og skrifstofum um borgarkerfið.

Sókn

- að sækja sérstaklega verkefni sem styðja við markmið um kolefnishlutlausu og snjallvædda borg 2030 en vegna þátttöku í loftslagsborgasamningi býðst Reykjavíkurborg að sækja um styrki sem aðeins 112 borgir mega sækja um. Þau verkefni styðja ávallt við markmið Græna plans Reykjavíkurborgar.
- að sækja áfram í Horizon og LIFE enda um gríðarleg styrkjatækifæri að ræða til að ná markmiðum tengdum sjálfbærni.
- að taka þátt í samstarfi Nordic Smart City Network
- að skoða möguleika á að ráða starfsmann eða gera samning í verktöku til að styðja við umsóknarskrif þar sem ljóst er að umfang styrkjasóknar getur vaxið töluvert.
- að halda áfram að sækja í styrki tengda Bloomberg Philanthropies.
- að áhersla í styrkjasókn verði á þá evrópsku styrki sem tilgreindir eru hér að framan, í norrænt samstarf og Bloomberg sem hefur reynst vel. Verkefni utan þessara verði látin mæta afgangi, nema rík ástæða þyki til þátttöku.

Ábyrgð

- Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.



3.5 Aðgerð 5

Bætt verklag heimsókna og rafrænt umsóknarferli

Stutt lýsing á aðgerð

Aðgerðinni er lýst á bls. 41-44 í *Alþjóðastefnu Reykjavíkur til 2030*¹⁰ en hún felst í því að skilgreina heimsóknir, setja upp rafrænt umsóknarferli og skilgreina verkferil. Meginmarkmið aðgerðarinnar eru fjögur: skilgreining á tegundum og inntaki heimsókna; bætt skipulag, samhæfing og verkaskipting vegna heimsókna; endurmeta fyrirkomulag þekkingarheimsókna; bætt yfirsýn og tölfræði yfir heimsóknir; og fá fram skýrari óskir gesta um heimsókn fyrr í ferlinu.

Gert er ráð fyrir að afurðir aðgerðarinnar séu skilgreiningar og verkferlar um heimsóknir og rafræn umsóknargátt vegna heimsókna.

Aðgerðin er á ábyrgð skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (SBB) en faghópur [starfshópur] um alþjóðamál er skilgreindur sem samstarfsaðili.

Gert var ráð fyrir að aðgerð yrði lokið á fyrstu 12 mánuðum eftir samþykkt stefnu og að kostnaður yrði innan fjárheimilda (óverulegur kostnaður við uppsetningu/áskrift að kerfi).

Skilgreining opinberra heimsókna og rafræn heimsóknagátt

Í ljósi þess að ekki fylgdi fjármagn með aðgerðinni var ákveðið að hluta hana niður og taka fyrst fyrir þau atriði sem mest þóttu aðkallandi og/eða auðlindir voru tiltækar í:

- **Skilgreining heimsókna og verklags um þær: opinberar heimsóknir**
Fyrir lá að skilgreina þyrfti opinberar heimsóknir og bregðast við ábendingum innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar, fyrst frá 2014 og aftur frá 2019.¹¹ Stjórnarsýslu- og þjónustuteymi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara hafði forgöngu um mótun skilgreiningar haustið 2023 með þátttöku fulltrúa atvinnu- og borgarþróunarteymis og samþykkti forsætisnefnd tillögu að skilgreiningu þann 19. janúar 2024.¹²
- **Gestur: Rafræn heimsóknagátt og utanumhald heimsókna**
Á árinu 2023 vann þjónustu- og nýsköpunarsvið (ÞON) fyrir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (SBB) fyrstu útgáfu af rafrænni heimsóknagátt. Gáttin hefur verið prófuð við utanumhald heimsókna á SBB og aðlöguð að þörfum skrifstofunnar. Áætlað er að halda innleiðingu áfram á skrifstofunni og taka hana upp á öðrum skrifstofum og sviðum í samstarfi við nýjan starfshóp um alþjóðamál.

¹⁰ Reykjavíkurborg. *Alþjóðastefna Reykjavíkur til 2030* (Reykjavík: Reykjavíkurborg, 2021), 41-44. Sjá: https://reykjavik.is/sites/default/files/2021-04/althjodastefna_reykjavikur_til_2030.pdf

¹¹ Sjá eftirfylgniúttekt frá 13. ágúst 2019 með úttekt um *Virgni verklagsreglna um ferðaheimildir og greiðslu ferðakostnaðar frá maí 2014*: <https://www.innriendurskodun.is/utgefid-efni/virkni-verklagsreglna-um-ferdaheimildir-og-greiðslu>

¹² Sjá *reglur* sem samþykktar voru á fundi forsætisnefndar Reykjavíkur 19. janúar 2024 (dagskrármál nr. 4 og málsnúmer MSS23120037): <https://reykjavik.is/fundargerdir/forsaetisnefnd-fundur-nr-335>



Staða í desember 2024:

- Samtal um aðgerðina var þegar hafið á milli teyma innan skrifstofu borgarstjóra og borgarritara við samþykkt stefnunnar og var það samtal einnig tekið inn á vettvang starfshóps um alþjóðamál þegar hann hóf störf haustið 2022. Hluta aðgerðarinnar er lokið.

Tillaga um aðgerðina í aðgerðaáætlun 2025 til 2026:

5. Bætt verklag heimsóknna og rafrænt umsóknafæri

Skilgreiningar heimsóknna og verklag:

- Haldið verði áfram að skilgreina heimsóknir og móta verklag um þær. Skilgreiningar og verklag verði birt í handbók um alþjóðamál.

Gestur: Rafræn heimsóknagátt og utanumhald heimsóknna:

- Haldin verði vinnustofa á árinu 2025 með starfshópi um alþjóðamál, teyimum á SBB og e.a. öðrum starfsstöðvum í borgarkerfinu, til að prófa áfram, þróa og gera tillögur að því hvernig megi innleiða heimsóknagáttina í borgarkerfinu.

Meginmarkmið aðgerðar

- Sömu og áður, sjá bls. 41 í Alþjóðastefnu Reykjavíkur til 2030.

Ábyrgð

- Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Tímasetning

- Skilgreiningu heimsóknna og mótun verklags um þær verði lokið fyrir lok kjörtímabils eða í maí 2026. Innleiðingu rafrænnar heimsóknargáttar ljúki á SBB og hefjist á öðrum skrifstofum og sviðum á árinu 2025.

Kostnaður

- Innan fjárhagsramma.

Samstarfsaðilar

- Þjónustu- og nýsköpunarsvið, starfsfólk annarra sviða og skrifstofa.

Rökstuðningur

- Sami og áður, sjá bls. 43-44 í Alþjóðastefnu Reykjavíkur til 2030.

3.6 Aðgerð 6

Bætt skipulag ferða starfsfólks og kjörinna fulltrúa

Stutt lýsing á aðgerð

Aðgerðinni er lýst á bls. 45-48 í *Alþjóðastefnu Reykjavíkur til 2030*¹³ en hún felst í því að búa til verklag um skipulag ferða og setja upp rafrænt kerfi ferðaheimilda og hefur m.a. að meginmarkmiði að bæta yfirsýn og utanumhald um ferðalög og gera ferðaskipulag skilvirkara og hagkvæmara. Afurðir aðgerðarinnar eru verklag og skýr verkaskipting um ferðalög, rafrænt ferðaheimildakerfi og skilgreind gagnaskráning. Aðgerðin er á ábyrgð skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og fjármála- og áhættustýringarsviðs. Tímamörk aðgerðar voru 6 mánuðir eftir samþykkt stefnu og var aðgerð talin rúmast innan þáverandi fjárheimilda.

Staða í desember 2024:

- Verkefnið hefur verið á dagskrá í stafrænni umbreytingu hjá fjármála- og áhættustýringarsviði (FAS) en starfshópur um alþjóðamál fylgdi því eftir á starfstíma sínum. Skv. upplýsingum frá FAS eru allar umsóknir um ferðaheimildir í dag sendar FAS með rafrænni undirritun og uppfylla allt sem lýtur að skattalegri meðferð, upplýsingagjöf til RSK o.fl., t.d. vegna dagpeninga. Einnig hafa verklag og ferlar verið skýrð og eru allar þær upplýsingar aðgengilegar starfsfólki á innri vef Reykjavíkur-borgar, Fróða. Sjá <https://innri.reykjavik.is/ferdaheimildir>. Einnig er að finna upplýsingar um efnið á Torginu, stafrænu fræðslukerfi fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar.
- Enn vantar að þetta sjálfsafgreiðsluferli sé sett fram í gagnvirku viðmóti á neti. Verkefnið er á verkefnaskrá verkefnaráðs þjónustu- og nýsköpunarsviðs (PON) og verður unnið áfram á þeim vettvangi.

Tillaga um aðgerðina í aðgerðaáætlun 2025 til 2026:

6. Bætt skipulag ferða starfsfólks og kjörinna fulltrúa

Aðgerð

- Nýr starfshópur um alþjóðamál fylgi aðgerðinni frá 2021 eftir og spyrji fregna hjá verkefnaráði þjónustu- og nýsköpunarsviðs (PON). Hópurinn skoði einnig hvort hægt sé að leggja til frekari framþróun í þessum efnum, s.s. er varðar kerfi, viðmót og ferla.

Meginmarkmið aðgerðar

- Sömu og áður, sjá bls. 45 í *Alþjóðastefnu Reykjavíkur til 2030*.

Ábyrgð

- Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara og fjármála- og áhættustýringarsvið.

Tímasetning

- Aðgerð lokið fyrir lok kjörtímabils eða í maí 2026.

¹³ Reykjavíkurborg. *Alþjóðastefna Reykjavíkur til 2030* (Reykjavík: Reykjavíkurborg, 2021), 45-48. Sjá: https://reykjavik.is/sites/default/files/2021-04/althjodastefna_reykjavikur_til_2030.pdf

**Kostnaður**

- *Innan fjárhagsramma.*

Samstarfsaðilar

- *Þjónustu- og nýsköpunarsvið, starfsfólk annarra sviða og skrifstofa.*

Rökstuðningur

- *Sami og áður, sjá bls. 47-48 í Alþjóðastefnu Reykjavíkur til 2030.*



3.7 Aðgerð 7

Greining á þörf og rekstrarumhverfi alþjóðaskóla í Reykjavík

Stutt lýsing á aðgerð

Aðgerðinni er lýst á bls. 49-51 í *Alþjóðastefnu Reykjavíkur til 2030*¹⁴ en hún felst í því að greina þörf fyrir frekara starf alþjóðaskóla í Reykjavík og skoða m.a. fyrirmyndir erlendis að mögulegum rekstrarformum og greiðsluþátttöku hins opinbera. Einnig að skoða lagaumgerð og gæðaviðmið. Í lýsingu á aðgerðinni er gert ráð fyrir því að henni ljúki með útgáfu greiningarskýrslu með tillögum um framhaldið. Aðgerðin er á ábyrgð skóla- og frístundasviðs og var gert ráð fyrir að henni lyki á fyrstu 12 mánuðum eftir samþykkt stefnunnar.

Skipa þarf starfshóp um frekari tillögur

Þann 10. október 2022 skilaði starfshópur um mótun stefnu og tillagna um aðkomu Reykjavíkurborgar að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum af sér skýrslu til borgarráðs um starfið, ásamt tillögum. Meðal tillaga hópsins var að leggja til „að framboð á alþjóðlegu skólastarfi verði aukið fyrir börn í fjölskyldum erlendra íbúa eða börn Íslendinga sem vinna að staðaldri erlendis en hafa tímabundna búsetu í Reykjavík til að mæta vaxandi eftirspurn og gera borgina samkeppnishæfari að þessu leyti.“ Lagði hópurinn til að „stofnaður verði starfshópur sem móti frekari tillögum og útfærslur en skoða þurfi sérstaklega hvernig þeim sem ekki eru með lögheimili í Reykjavík verði mætt hvað varðar kostnað af skólagöngu í slíku námi.“

Málið var tekið fyrir í borgarráði þann 10. nóvember 2022 og vísað til borgarstjórnar. Borgarstjórn tók það svo fyrir þann 15. nóvember og vísaði til meðferðar borgarráðs.

Staða í desember 2024:

- *Málið var komið á rekspöl og því hefur verið fylgt eftir af skrifstofu borgarstjóra og borgarritara síðan haustið 2022 og hefur skóla- og frístundasvið verið spurt fregna um afdrif þess. Skv. upplýsingum frá sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs í desember 2024 virðist ekki hafa verið unnið frekar með þá tillögu sem starfshópur um sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla lagði til um alþjóðlegt skólastarfi í Reykjavík. Spurningunum sem lagt var upp með í aðgerðinni verður því að teljast ósvarað.*
- *Lagt er til að skrifstofa borgarstjóra og borgarritara taki þráðinn upp aftur með skóla- og frístundasviði og fylgi eftir.*

¹⁴ Reykjavíkurborg. *Alþjóðastefna Reykjavíkur til 2030* (Reykjavík: Reykjavíkurborg, 2021), 49-51. Sjá: https://reykjavik.is/sites/default/files/2021-04/althjodastefna_reykjavikur_til_2030.pdf



Tillaga um aðgerðina í aðgerðaáætlun 2025 til 2026:

7. Greining á þörf og rekstrarumhverfi alþjóðaskóla í Reykjavík

Aðgerð

- Greina þörf fyrir frekara starf alþjóðaskóla í Reykjavík og skoða möguleg rekstrarform.

Meginmarkmið aðgerðar

- Sömu og áður, sjá bls. 49 í Alþjóðastefnu Reykjavíkur til 2030.

Ábyrgð

- Skóla- og frístundasvið og skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Tímasetning

- Aðgerð lokið fyrir lok kjörtímabils eða í maí/júní 2026.

Kostnaður

- Innan fjárhagsramma.

Rökstuðningur

- Sami og áður, sjá bls. 51 í Alþjóðastefnu Reykjavíkur til 2030.

3.8 Aðgerð 8

Markvissari ráðstefnusókn

Stutt lýsing á aðgerð

Aðgerðin er ný og felur í sér að taka með markvissari hætti utan um ráðstefnur sem sóttar eru til Reykjavíkurborgar. Skilgreina þarf eðli og umfang viðburðanna og hvenær og hvernig Reykjavíkurborg er tilbúin að styðja umsækjendur við að sækja ráðstefnur til borgarinnar.

Í þessu tilliti skuli fyrst horft til þess að sækja til borgarinnar ráðstefnur sem falla að stefnum og áherslum hennar og eru tengdar því samstarfi sem borgin er þátttakandi í og gagnast henni helst. Hér má nefna Evrópusamstarf, s.s. Eurocities og NetZeroCities, norrænt samstarf og annað það samstarf sem fagsvið og aðrar starfsstöðvar borgarinnar eru þátttakendur í. Hafa verður í huga að almennt þarf fjárhagsstuðning til að fá ráðstefnur sérstaklega til borgar.

Samráð við Ráðstefnuborgina Reykjavík - Meet in Reykjavík

Í aðgerðinni felst að formgera og viðhafa virkt samráð við *Ráðstefnuborgina Reykjavík – Meet in Reykjavík* um hverskonar ráðstefnur Reykjavíkurborg vilji laða að sér og hvað þær fjalli um.

Meet in Reykjavík sækir almennt ráðstefnur til borgarinnar sem styðja við orðspor Íslands sem leiðandi land á sviði sjálfbærni með tengingu við fagsvið Íslandsstofu (orku og grænar lausnir, hugvit og tækni, listir og skapandi greinar, ferðaþjónustu, sjávarútveg og matvæli). Vilji Reykjavíkurborg laða að sér ráðstefnur sem tengist skýrari þemum, s.s. grænum samgöngum, lífsgæðakjörnum eða borgarþróun, verður að gefa það til kynna og tilgreina hvaða stuðning borgin geti boðið.

Staða í desember 2024:

- Málið hefur verið undirbúið á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og hefur *Meet in Reykjavík* fengið beiðni um að senda skrifstofunni lista yfir mögulegar ráðstefnur snemma á árinu 2025 svo hægt sé að taka afstöðu til mögulegs stuðnings.

Tillaga um aðgerðina í aðgerðaáætlun 2025 til 2026:

8. Markvissari ráðstefnusókn

Aðgerð

- Aðgerðin felst í því að taka með markvissari hætti utan um ráðstefnusókn borgarinnar og skilgreina, út frá meginmarkmiðum alþjóðastefnu, viðmiðum um verkefnaval og stefnu og áherslum borgarinnar að öðru leyti, hvaða ráðstefnur þyki æskilegt að sækja til borgarinnar og mögulega styðja við.

Meginmarkmið aðgerðar

- Að tryggja að ráðstefnur sem Reykjavíkurborg leggur lið gagnist borginni sem best, takmarka áhættu, t.d. er varðar orðspor, og minnka sóun.

Ábyrgð

- Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.



Tímasetning

- Aðgerð lokið fyrir lok kjörtímabils eða í maí/júní 2026.

Kostnaður

- Innan fjárhagsramma.

Samstarfsaðilar

- Starfshópur um alþjóðamál, svið og skrifstofur, Meet in Reykjavík.

Afurð

- Skilgreining á eðli og umfangi ráðstefna og því hvenær og hvernig stuðning Reykjavíkurborg er tilbúin að veita.
- Matsblað vegna stuðnings við ráðstefnur.
- Verklag um samráð við Meet in Reykjavík.

Rökstuðningur

- Töluvert er um að beiðnir þar sem óskað er stuðnings borgarstjóra við ráðstefnur og viðburði berist á síðustu stundu. Þetta gerir það að verkum að erfitt eða ómögulegt verður með raunhæfum hætti að meta hvort viðkomandi verkefni séu gagnleg fyrir Reykjavíkurborg, hvort þau samrýmist stefnum hennar og gildum og hvort leggja skuli þeim lið. Ýmis áhætta getur falist í þessu, m.a. varðandi orðspor og fjárhag.



3.9 Aðgerð 9

Orðspor Reykjavíkurborgar á alþjóðavettvangi

Stutt lýsing á aðgerð

Aðgerðin er ný og felur í sér að ávarpa með skýrari hætti orðspor Reykjavíkurborgar á alþjóðavettvangi í samræmi við meginmarkmið alþjóðastefnu um mörkun og ímynd borgarinnar, en þar stendur:

„Alþjóðlegt samstarf Reykjavíkurborgar verði til að styðja við mörkun borgarinnar með því að styrkja ímynd hennar og markaðsstarf.

Alþjóðlegt samstarf styrki Reykjavík sem borg fjölbreytni og fjölmenningar og verði til að endurspeglar þá ímynd á alþjóðavettvangi.“¹⁵

Orðspor borga á alþjóðavettvangi

Ætla má að orðspor borga á alþjóðavettvangi verði almennt til í flóknu samspili margra og samverkandi þátta. Hér mætti nefna áhrif gilda, stefna og áætlana á lífsgæði íbúanna, verk þeirra fulltrúa sem eru andlit borganna út á við, kjörinna sem og annarra, nú eða áhrif markaðssetningar og fjölmiðlaumfjöllunar um þessa þætti og aðra í borgarlífinu. Samstarf borganna við fjölbreytta aðila víða um heim hefur áhrif og eins tekur fólk með sér fjölbreyttar skoðanir á borgunum og reynslu af þeim til annarra svæða, landa og heimsálfa, hvort sem er í gegnum lengri búsetu eða skemmri dvöl.

Málefnið hefur talsvert verið rannsakað og um það skrifað, t.d. á sviðum samhliða sendierindreksturs (e. paradiplomacy), almanna- og menningarindreksturs (e. public & cultural diplomacy) og markaðs- og mörkunarfræða. Þá eru til ýmsir mælikvarðar sem mæla ýmsa frammistöðu og áhrif borga á alþjóðavettvangi, bera þær saman og hafa áhrif á orðspor þeirra.¹⁶

Mörkun borgarinnar á alþjóðavettvangi

Þegar Höfuðborgarstofa var lögð niður á sínum tíma dreifðist fjármagn og ábyrgð vegna verkefna sem áður voru á hennar könnu á fleiri aðila innan borgarkerfisins. Mikilvægt er að sameina þá þræði er varða mörkun borgarinnar, s.s. varðandi ábyrgð og fjármagn.

Í dag eru það einkum nokkrir aðilar sem koma að samstarfi við Reykjavíkurborg um mörkun hennar á alþjóðavettvangi. Um töluvert sérhæfða þekkingu er að ræða og eðlilegt að útvista markaðssókn á þessu sviði en um leið mikilvægt að borgin hafi skýrt forræði þegar kemur að mörkun hennar og markaðssókn. Styðja mætti við það með því að hafa tengilið með skýrt umboð og fjármagn til að sinna þeim verkefnum sem undir eru hverju sinni og tryggja að þau séu unnin út frá stefnum og áherslum borgarinnar, m.a. alþjóðastefnu. Þeir samstarfsaðilar sem hér um ræðir eru:

- **Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins**, sem heldur uppi vef- og samfélagsmiðlum **Visit Reykjavík** og einbeitir sér að markaðssetningu til erlendra ferðamanna sem hafa áhuga á að heimsækja Reykjavík.

¹⁵ Reykjavíkurborg. *Alþjóðastefna Reykjavíkur til 2030* (Reykjavík: Reykjavíkurborg, 2021), 8. Sjá: https://reykjavik.is/sites/default/files/2021-04/althjodastefna_reykjavikur_til_2030.pdf

¹⁶ Hér má t.d. nefna rannsókn Rodrigo Tavares á sendierindrekstri borga í bókinni *Paradiplomacy: Cities and States as Global Players* en stuðst var við rannsóknina við gerð Alþjóðastefnu Reykjavíkur til 2030. Sjá <https://cris.unu.edu/paradiplomacy-cities-and-states-global-players>



- **Íslandsstofa**, sem sinnir markaðsverkefnum:
 - **Meet in Reykjavik**, sækir erlendar ráðstefnur og hvataferðamenn til Reykjavíkur. Þetta eru betur borgandi ferðamenn sem hafa töluverð efnahagsleg áhrif á hverju ári.
 - **Reykjavik Science City**, kynnir Reykjavíkurborg sem spennandi áfangastað fyrir nýsköpunarfyrirtæki, fjárfesta og erlenda sérfræðinga með áherslu á græntækni, blátækni og líftækni.
 - **Inspired by Iceland**, North America kynnir íslenskar skapandi greinar erlendis og íslenskar vörur til útflutnings auk þess að sækja sérstaklega ferðamenn sem hafa áhuga á íslenskri menningu. Reykjavíkurborg nýtir verkefnið til að kynna sig sem skapandi borg og þá sérstaklega Tónlistarborgina, Bókmenntaborgina og borgarhátíðirnar sex.
 - **Invest in Iceland**, Reykjavík borgar ekki fyrir þátttöku í þessu verkefni en það nýtist borginni vel þar sem það kynnir Ísland sérstaklega gagnvart erlendum fjárfestum og þeir sem hafa áhuga á að fjárfesta í Reykjavík fá þá tengingu við borgina. Fulltrúar Reykjavíkurborgar sækja einnig ráðstefnu fagfjárfesta, MIPIM, í þessum félagsskap.

Staða í desember 2024:

- *Málið hefur verið undirbúið á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og búist við að því ljúki í upphafi árs 2025.*



Tillaga um aðgerðina í aðgerðaáætlun 2025 til 2026:

9. Orðspor Reykjavíkurborgar á alþjóðavettvangi

Aðgerð

- Aðgerðin er ný og felur í sér að taka orðspor Reykjavíkurborgar á alþjóðavettvangi fastari tökum. Í því felst að:
 - Greina fyrirkomulag mörkunar- og markaðsmála og gera tillögur að umbótum.
 - Greina, m.a. í vinnustofum, í hverju styrkleikar Reykjavíkurborgar felist, gera tillögu að forgangsröðun kynningar og hvaða lykilsögur borgin geti sagt.
 - Greina samstarfsaðila og hvaða skuldbindingar er þegar um að ræða á sviðinu og setja fram tillögur að umbótum.

Meginmarkmið aðgerðar

- Að huga að orðspori Reykjavíkurborgar á alþjóðavettvangi og tryggja að mörkun borgarinnar og markaðssókn sé á hennar forræði og í samræmi við meginmarkmið alþjóðastefnu og aðrar stefnur, áætlanir og áherslur.

Ábyrgð

- Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Tímasetning

- Aðgerð lokið á fyrstu sex mánuðum 2025.

Kostnaður

- Innan fjárhagsramma.

Samstarfsaðilar

- Starfshópur um alþjóðamál, svið og skrifstofur o.fl.

Afurð

- Skýrsla með tillögum að umbótum. Vinnustofur.

Rökstuðningur

- Mikilvægt er að Reykjavíkurborg hafi skýrt forræði þegar kemur að mörkun hennar og markaðssókn. Brýnt er að skapa yfirsýn yfir mál, sameina þræði, og samhæfa vinnubrögð. Tryggja þarf að verkefni með samstarfsaðilum séu unnin út frá stefnum, áætlunum og áherslum borgarinnar og að samstarfsaðilar hafi ákveðinn tengilið sem hafi skýrt umboð og getu til að sinna þeim verkefnum sem undir eru hverju sinni. Skýra þarf fjármögnun verkefna og marka þeim sérstakan kostnaðarstað.



Alþjóðastefna Reykjavíkur til 2030

Skýrsla um stöðu innleiðingar í desember 2024 ásamt
tillögu um aðgerðaáætlun 2025 til 2026

Yfirlit aðgerða

11. desember 2024

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara



Tillaga um aðgerðaáætlun 2025 til 2026

Áframhald núverandi aðgerða

1. Kynning stefnu í stjórnkerfinu og útfærsla í starfsemi
2. Handbók um alþjóðamál Reykjavíkurborgar
3. Starfshópur um alþjóðamál
4. Sókn í alþjóðleg rannsókn- og nýsköpunarverkefni
5. Bætt verklag heimsókna og rafrænt umsóknarferli
6. Bætt skipulag ferða starfsfólks og kjörinna fulltrúa
7. Greining á þörf og rekstrarumhverfi alþjóðaskóla í Reykjavík

Nýjar aðgerðir

8. Markvissari ráðstefnusókn
9. Orðspor Reykjavíkur á alþjóðavettvangi



Reykjavík



Alþjóðastefna Reykjavíkur til 2030



Samþykkt í borgarstjórn 20. apríl 2021




Efnisyfirlit

1. Framtíðarsýn og meginmarkmið
2. Áherslur
3. Aðgerðaáætlun
4. Viðaukar
 - Erindisbréf stýrihóps 2018
 - Umfang og afmörkun verkefnisins
 - Stöðumat 2018 – 2020
 - Ítarefni





1. Framtíðarsýn og meginmarkmið






Framtíðarsýn

Reykjavík er græn, opin og alþjóðlega sinnuð friðarborg sem hefur að leiðarljósi grunngildi lýðræðis, mannréttinda og sjálfbærrar þróunar.

Reykjavík er virk, áhrifamikil og virt borg. Hún er aðlögunarhæf og eftirsóknarverð.

Reykjavík er borg tækifæranna.





Gildi Reykjavíkur í alþjóðlegu samstarfi

- Samvinna
- Virðing
- Vinsemd






Meginmarkmið

Meginmarkmið stefnunnar eru fjögur og endurspeгла helstu niðurstöður úr stöðumati og samráði við hagsmunaaðila.

- 1** Áhrif
- 2** Mörkun & ímynd
- 3** Samkeppnishæfni
- 4** Þekkingarmiðlun



Áhrif



Reykjavíkurborg vinni að áhrifum og hagsmunum sínum á alþjóðavettvangi í samræmi við stefnur borgarinnar í öðrum málaflokkum.

Reykjavík miðli því á alþjóðavettvangi í hverju hún skarar fram úr og hefur fram að færa.

Reykjavíkurborg styðji við opið alþjóðlegt samstarf og -samfélag og taki virkan þátt í því.



Mörkun & ímynd


Alþjóðlegt samstarf Reykjavíkurborgar verði til að styðja við mörkun borgarinnar með því að styrkja ímynd hennar og markaðsstarf.

Alþjóðlegt samstarf styrki Reykjavík sem borg fjölbreytni og fjölmenningar og verði til að endurspegla þá ímynd á alþjóðavettvangi.





Samkeppnishæfni



Alþjóðlegt samstarf verði til að auka samkeppnishæfni Reykjavíkur með því að nýta og styðja við styrkleika borgarinnar sem umhverfisvæn, örugg, sveigjanleg og skilvirk borg með stuttar boðleiðir og nútímalega tækniinnviði og þjónustu.

Alþjóðlegt samstarf styrki borgina sem eftirsóknarverðan stað til að búa og starfa á, til að fjárfesta í og til að heimsækja.



Þekkingarmiðlun

Reykjavíkurborg eigi í alþjóðlegu samstarfi sem nýtist til þekkingarmiðlunar til að auka gæði og hagkvæmni stjórnsýslu og þjónustu á báða bóga.

Reykjavík miðli sinni þekkingu á sviði sjálfbærni, jafnrétti, lýðheilsu og grænna lausna.

Reykjavíkurborg leggi markvissa áherslu á þekkingarsókn í alþjóðlegu samstarfi í því skyni að nýta tækifæri til þekkingaröflunar og að hámarka ávinning borgarinnar.

Þekkingarmiðlun stuðli að gagnkvæmum ávinningi, skilningi og aðlögunarhæfni borgarinnar og umheimsins.





Hringrás markmiða

Meginmarkmiðin styðja hvert við annað og mynda hringrás.

Þau fela í sér áherslu á virka og áhrifaríka þátttöku í alþjóðlegu samstarfi í þeim tilgangi að Reykjavíkurborg bæði gefi af sér og læri af öðrum.

Með þessum meginmarkmiðum er alþjóðastefnu Reykjavíkur ætlað að endurspegla stefnur borgarinnar í öðrum málaflokkum og styðja við framgang þeirra með samstarfi á alþjóðavettvangi.





2. Áherslur





Skilgreining áherslna

Í alþjóðastefnu Reykjavíkur eru skilgreindar áherslur í þremur flokkum:

- **Tengslanet og samstarfsaðilar**
Hverjum Reykjavíkurborg vinnur með.
- **Samhæfing og yfirsýn**
Yfirsýn yfir málaflokkinn og skilvirkt skipulag hans í stjórnkerfinu.
- **Snjöll og sjálfbær**
Hvernig unnið er í málaflokknum.



Tengslanet & samstarfsaðilar

Í alþjóðlegu samstarfi leggur Reykjavík áherslu á:

- Evrópusamstarf
- Norrænt samstarf
- Upprunalönd og –borgir íbúa af erlendum uppruna í Reykjavík
- Tilflutningslönd og –borgir Reykvíkinga og Íslendinga erlendis
- Annað marghliða samstarf

Sjá nánar um samstarfsaðila í ítarefni á glæru 79.



Mynd: Ragnar Th. Sigurðsson



Samhæfing & yfirsýn

Í alþjóðamálum leggur Reykjavík áherslu á að innan stjórnkerfis hennar sé til staðar:

Samhæfing og samvinna

- Virk starfsemi og samhæfing.
- Öflug innri upplýsingamiðlun.

Yfirsýn og gagnaskráning

- Miðlæg yfirsýn yfir alþjóðasamskipti og þátttöku í verkefnum og viðburðum.
- Gagnaskráning um alþjóðamál (m.a. samstarf, samtök, móttökur).
- Alþjóðlegur samanburður – Hvar við stöndum.



Snjöll & sjálfbær

Í alþjóðamálum leggur Reykjavík áherslu á snjallar og sjálfbærar leiðir.

Snjöll og hagkvæm

- Hagkvæmt skipulag ferða og gestamóttaka.
- Rafrænar lausnir, ferlar og gáttir.
- Virk upplýsingamiðlun á ensku um starfsemina
- Þátttaka í alþjóðlegum samstarfsverkefnum og sókn í sjóði og styrki.
- Virði í verkefnavali.

Sjálfbær

- Vistvænar áherslur í samskiptum, ferðalögum og móttökum.
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.





Viðmið um verkefnaval

Aukið álag á stjórnkerfi borgarinnar með auknu samstarfi:

- Samhliða vexti í alþjóðlegu samstarfi og sívaxandi hlutverki borga í því hefur aukinn fjöldi verkefna og samstarfsaðila valdið síauknu álagi á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar.
- Ýmiskonar samstarf, ekki síst marghliða, hefur bæst við það samstarf sem fyrir var, s.s. Norræna tengslanetið sem hvílir á gömlum grunni.
- Margar stefnur Reykjavíkurborgar tengjast alþjóðamálum og kalla á mikið alþjóðlegt samstarf.
- Reykjavíkurborg hefur mikið fram að færa og mikið er leitað til hennar.





Skýr viðmið um virði við
val á verkefnum og
þátttöku í alþjóðlegu
samstarfi eru mikilvæg.



Viðmið um verkefnaval

1. Samræmi við framtíðarsýn, meginmarkmið og áherslur alþjóðastefnu Reykjavíkur.
2. Samræmi við aðra stefnumörkun eða starfsáætlanir og markmiðasetningu starfsstaða borgarinnar.
3. Fellur að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.
4. Reykjavíkurborg/starfsstöðin hefur burði til að sinna skuldbindingum sínum skv. verkefninu/samstarfinu.
5. Fjárhagslega hagkvæmt/lækkar rekstrarkostnað.
6. Felur í sér ávinning sem er umfram fjárhagslegan kostnað eða vinnu/fyrirhöfn við þátttöku.
7. Dregur úr áhættu í einhverju formi eða eykur öryggi íbúa.
8. Fellur að þörfum íbúa og hagsmunaðila.
9. Er lögbundið verkefni.



Þátttöku í verkefnum og samstarfi þarf að vera hægt að rökstyðja með vísan í viðmiðin.



3.

Aðgerðaáætlun



Fyrsta aðgerðaáætlun

- Fyrsta aðgerðaáætlun nær til 2 ára.
- Áhersla á reglubundna endurskoðun hennar.
- Framtíðarsýn, meginmarkmið og áherslur stefnunnar voru hafðar til hliðsjónar við móttun fyrstu aðgerðaáætlunar hennar.
- Ætlað að vera það einnig við endurskoðun hennar.
- Endurskoðun aðgerðaáætlunar er á ábyrgð skrifstofu borgarstjóra og borgarritara í samvinnu við fagsvið og faghóp um alþjóðamál.



Fyrirkomulag alþjóðamála

- Greiningar- og stöðumatsvinna við mótun stefnunnar beindi að miklu leyti sjónum að fyrirkomulagi alþjóðamála í stjórnkerfi borgarinnar – að það þyrfti að styrkja og auka miðlæga samhæfingu.
- Fyrsta aðgerðaáætlun horfir að mestu til fyrirkomulags alþjóðamála í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar.
- Áætlunin samanstendur af 7 aðgerðum.





Aðgerðaáætlun

1. Kynning stefnu í stjórnkerfinu og útfærsla í starfsemi
2. Handbók um alþjóðamál Reykjavíkurborgar
3. Faghópur um alþjóðamál
4. Aukin þekkingarsókn og þátttaka í samstarfsáætlunum ESB
5. Bætt verklag heimsókna og rafrænt umsóknarferli
6. Bætt skipulag ferða starfsfólks og kjörinna fulltrúa
7. Greining á þörf og rekstrarumhverfi alþjóðaskóla í Reykjavík



1. Kynning stefnu í stjórnkerfinu og útfærsla í starfsemi

Aðgerð

- Stefnan verði kynnt í fagráðum, á fagsviðum og í miðlægri stjórnsýslu.

Ábyrgð

- Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Tímasetning

- Aðgerðin verði framkvæmd á fyrstu 6 mánuðum eftir samþykkt stefnu.

Kostnaður

- Innan fjárhagsramma.



1. Kynning stefnu í stjórnkerfinu og útfærsla í starfsemi

Rökstuðningur

- Stefnuna þarf að kynna innan stjórnkerfis borgarinnar til að tryggja innleiðingu hennar og virkt samstarf í málaflokknum. Fagsviðum og miðlægum skrifstofum er ætlað að skipa fulltrúa í faghóp um alþjóðamál.
- Fagsvið borgarinnar bera ábyrgð á innleiðingu stefnunnar í eigin starfsemi og útfærslu hennar í eigin starfsáætlun.
- Stöðumat leiddi í ljós að unnið er með ólíkum hætti að alþjóðlegu samstarfi eftir sviðum – en hafa þarf yfirsýn yfir hvernig það er gert.



1. Kynning stefnu í stjórnkerfinu og útfærsla í starfsemi

Rökstuðningur

Með útfærslu á hverju fagsviði er það gert ljóst hvernig sviðin:

- A. vinna að eigin stefnum með alþjóðlegu samstarfi.
- B. hvernig þau vinna að markmiðum og áherslum alþjóðastefnu og eftir viðmiðum í verkefnavali.

Með útfærslu á hverju sviði er einnig stuðlað að enn meiri ávinningi borgarinnar með aukinni þátttöku í alþjóðlegu samstarfi, t.a.m. í alþjóðlegum samstarfsverkefnum sbr. aðgerð 6.



2. Handbók um alþjóðamál Reykjavíkurborgar

Aðgerð


- Unnin verði handbók Reykjavíkurborgar um alþjóðamál.

Meginmarkmið aðgerðar

- Draga saman fræði og þekkingu um alþjóðasamskipti, einkum borga.
- Draga saman sögu og þekkingu á alþjóðamálum borgarinnar og framkvæmd.
- Gera upplýsingar um alþjóðasamskipti Reykjavíkur aðgengileg starfsfólki og ytri aðilum.
- Auðvelda kjörnum fulltrúum, stjórnendum og starfsfólki alþjóðasamskipti.

Ábyrgð

- Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.





2. Handbók um alþjóðamál Reykjavíkurborgar

Tímasetning

- Handbók verði tilbúin 12 mánuðum eftir samþykkt stefnu.

Kostnaður


- Innan ramma. Hluti af verkefnum alþjóðafulltrúa.

Samstarfsaðilar

- Faghópur um alþjóðamál.

Afurð

- Handbók (skjal og/eða vefsvæði). Uppfærð reglulega og þróist og vaxi.
 - Birtir verkferlar er varða alþjóðasamskipti.
 - Yfirlit yfir alþjóðlegt samstarf og sögu (samtök, samninga o.fl.)






2. Handbók um alþjóðamál Reykjavíkurborgar

Rökstuðningur

- Reykjavíkurborg hefur lengi átt í miklu alþjóðlegu samstarfi en upplýsingar um það eru á víð og dreif í stjórnkerfinu. Mikilvægt er að draga saman upplýsingarnar, skrá þær og gera aðgengilegar en m.a. er um að ræða samstarfssögu við einstök ríki, héruð og borgir, stofnanir og margliða samtök.
- Mikilvægt er að birta og viðhalda verkferlum í málaflokknum.
- Útgáfa handbókarinnar yrði til að auðvelda stjórnendum, starfsfólki og kjörnum fulltrúum að eiga í alþjóðasamskiptum í hagnýtum tilgangi.





2. Handbók um alþjóðamál Reykjavíkurborgar

Frumdrög að efnisskipan handbókar:

1. Almennt um alþjóðamál Reykjavíkurborgar
2. Alþjóðastefna Reykjavíkurborgar
3. Erlend ríki, héruð og borgir
4. Evrópusamstarf
5. Friðar- og öryggismál
6. Norðurslóðamál
7. Norrænt samstarf
8. Ýmsar alþjóðastofnanir og samtök
9. Rannsóknir og styrkir
10. Verklag og ferlar (t.d. um ferðir, heimsóknir og reglubundið samstarf)





3. Faghópur um alþjóðamál

Aðgerð

- Skipan faghóps um alþjóðamál með erindisbréfi borgarstjóra.
- Hópurinn starfi þvert á borgarkerfið með fulltrúum fag- og kjarnasviða og miðlægra skrifstofa.

Meginmarkmið aðgerðar og hlutverk faghóps

- Að stuðla að samhæfðri og markvissri vinnu í málaflokknum þvert á borgarkerfið.
- Að skapa yfirsýn og efla miðlun upplýsinga og stuðla þannig að nýtingu og yfirfærslu þekkingar.
- Umsjón með upplýsingamiðlun í gegnum Workplace síðuna Alþjóðamál – Samráðsvettvangur.
- Að vera vettvangur fyrir miðlun upplýsinga og samráð um hvernig fagsvið innleiða stefnuna í sína starfsemi.
- Að styðja við styrkjasókn og þátttöku Reykjavíkur í alþjóðlegum samstarfsverkefnum með vöktun á tækifærum og ráðgjöf og miðlun upplýsinga um þau.





3. Faghópur um alþjóðamál

Meginmarkmið aðgerðar og hlutverk faghóps (framhald)

- Viðhalda og uppfæra lista yfir alþjóðasamskipti, aðild að samtökum og þátttöku í verkefnum.
- Þátttaka í úrvinnslu umsókna um móttökur hjá Reykjavíkurborg sem berast í gegnum rafræna móttökugátt.
- Vera tengiliður við marghliða samstarf og miðla efni og upplýsingum til sviða og skrifstofa um það:
 - Evrópusamstarf, s.s. Eurocities, Uppbyggingarsjóður EES, Sveitarstjórnarvettvangur EFTA, Evrópuráðið.
 - Norrænt samstarf, s.s. Nordic Safe Cities, Norræn höfuðborgaráðstefna og ýmsir samráðsfundir stjórnenda, Vestnorræni höfuðborgarsjóðurinn o.fl.
 - Annað samstarf, s.s. Sameinuðu þjóðirnar, OECD, Bloomberg-Harvard, ICLEI.
 - Yfirsýn og kortlagning á alþjóðlegum samanburðarmælikvörðum og gagnabönkum sem gætu nýst Reykjavíkurborg.
 - Þátttaka í endurskoðun aðgerðaáætlunar stefnunnar.
 - Eftir atvikum þátttaka í framkvæmd aðgerða, s.s. gerð og uppfærslum á handbók.





3. Faghópur um alþjóðamál

Ábyrgð

- Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Tímasetning

- Hópurinn verði skipaður strax í kjölfar samþykktar stefnu.

Kostnaður

- Innan fjárheimilda.

Skipan


- Fulltrúi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (formaður). Fulltrúar: fagsviða (5), fulltrúar kjarnasviða (3), fulltrúar skrifstofa ráðhúss.





3. Faghópur um alþjóðamál

Rökstuðningur



- Samráðsvettvangur um alþjóðamál Reykjavíkurborgar var skipaður í janúar 2017 og rann skipunartími hans út vorið 2018. Vettvangurinn náði ekki að sinna hlutverki sínu eða ljúka skilgreindum verkefnum nema að takmörkuðu leyti.
- Mikilvægt er að slíkur hópur sé starfandi til að tryggja samhæfingu í málaflokknum innan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar og til að skapa yfirsýn og efla miðlun upplýsinga.
- Aðeins einn alþjóðafulltrúi er starfandi á skrifstofu borgarstjóra borgarritara og hann þarf hóp starfsmanna frá fagsviðum ef sinna á málaflokknum sem skyldi. Reglulega þarf að leita upplýsinga eða fá aðkomu fagsviða að vinnu í málaflokknum og yrði það til bóta að skilgreina alþjóðafulltrúa hvers fagsviðs.
- Það yrði einnig til þess að auka sérþekkingu þeirra á málaflokknum og auðvelda fagsviðum að koma að verkefnum sem þau ættu að taka þátt í, s.s. innleiðingu stefnunnar og endurskoðun aðgerðaáætlunar hennar og aukna sókn í alþjóðleg samstarfsverkefni og styrki.



4. Aukin þekkingarsókn og þátttaka í samstarfsáætlunum ESB

Aðgerð

- Að Reykjavíkurborg nýti þau tækifæri sem felast í þátttöku í alþjóðlegum samstarfsverkefnum og umsóknum í sjóði. Megináhersla verði á nýja rannsóknaráætlun Evrópu ([Horizon Europe 2021-2027](#)) og Græna samning ESB ([European Green Deal](#)).

Meginmarkmið aðgerðar byggja á eftirfarandi leiðarljósum:

- Að efla þátttöku og árangur í rannsóknna- og nýsköpunarumhverfi Evrópu.
- Að afla rannsóknna- og nýsköpunarstyrkja sem styðja við og fjármagna stefnur og áherslur Reykjavíkur og sem skapa tækifæri til nýsköpunar í Reykjavík.
- Að afla þekkingar og efla þekkingarfærslu þvert á starfsemi Reykjavíkur.
- Að efla tengsl við íslenskt og erlent þekkingar- og nýsköpunarsamfélag.
- Að auka aðdráttarafl Reykjavíkur sem rými (samfélagslegrar) nýsköpunar, sjálfbærni og tækniframfara.
- Að efla hæfni Reykjavíkur til að takast á við framtíðina og umbreytingar sem henni fylgja.



4. Aukin þekkingarsókn og þátttaka í samstarfsáætlunum ESB

Afurðir/verkefni

Áætlun um þátttöku í nýrri rannsóknaráætlun Evrópu sem t.d. felur í sér:

- Skoðun á hlutverki og rekstrarfyrirkomulagi rannsóknamála hjá Reykjavíkurborg.
- Stóreflt samstarf við íslenskt þekkingarsamfélag, hugveitur og frumkvöðla.
- Fræðsla um rannsóknar og nýsköpunaráætlanir ESB og vinnulag við umsóknargerð og þátttöku í ESB verkefnum.
- Sókn í Græna Samning ESB, þátttaka í nýrri rannsóknaráætlun ESB Horizon Europe og pörun þessara áætlana við áætlanir og verkefnaáherslur Reykjavíkurborgar.
- Styrkir til rannsókna og nýsköpunar, sér í lagi tengt loftslagsaðgerðum t.d. Græna Planið; Græni Samningurinn og Horizon Europe leiðangurinn 100 kolefnishlutlausar borgir.



4. Aukin þekkingarsókn og þátttaka í samstarfsáætlunum ESB

Ábyrgð:

- Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Samstarfsaðilar:

- Faghópur Reykjavíkurborgar um alþjóðamál, fag- og kjarnasvið og miðlægar skrifstofur.

Tímasetning:

- Undirbúningur hefjist árið 2020 og áætlun Reykjavíkur um þátttöku í nýrri rannsóknaráætlun Evrópusambandsins (Horizon Europe 2021-2027) liggja fyrir í ársbyrjun 2021.

Kostnaður:

- Aðgerðin rúmast innan núverandi fjárheimilda.



4. Aukin þekkingarsókn og þátttaka í samstarfsáætlunum ESB

Rökstuðningur

- Áskoranir nútímans eru margvíslegar og alþjóðlegt samstarf er lykillinn að mörgum þeirra.
- Nýr rannsóknarsjóður Evrópusambandsins (Horizon Europe) mun ráðstafa €100 milljörðum til rannsókna og nýsköpunar á komandi árum.
- Þátttaka í alþjóðlegum samstarfsverkefnum skilar borginni fjármögnun á stöðugildum og verkefnum, verðmætri þekkingu og aðgengi að sérfræðipekkingu sem annars þyrfti að kaupa auk þess sem fyrirtæki í borginni fá stuðning í formi styrkja og aðgengi að markaði.
- Þátttaka í alþjóðlegum samstarfsverkefnum er til þess fallin að styrkja verkefni og stefnur Reykjavíkurborgar, stuðlar að þekkingarmiðlun og mörkun Reykjavíkurborgar.



4. Aukin þekkingarsókn og þátttaka í samstarfsáætlunum ESB

Rökstuðningur

- Þátttaka í alþjóðlegum samstarfsverkefnum er til þess fallin að styrkja alþjóðlegt tengslanet borgarinnar.
- Reykjavíkurborg hefur haft takmarkaða burði og þekkingu til að nýta sér þá alþjóðlegu (einkum evrópsku) sjóði og samstarfsverkefni sem borginni standa til boða. Sérfræðiþekking í styrkjasókn hefur verið byggð upp hjá Reykjavíkurborg en mikilvægt er að fagsvið og miðlægar skrifstofur nýti sín tækifæri til fullnustu.
- Mikilvægt er að hafa yfirsýn yfir hvaða möguleikar standa til boða hvað varðar samstarfsverkefni og sjóði og að geta boðið upp á miðlæga ráðgjöf og aðstoð.
- Rannsóknaráætlun Evrópu styður við innleiðingu heimsmarkmiða S.þ. og Græna plans Reykjavíkurborgar.



5. Bætt verklag heimsókna og rafrænt umsóknarferli

Aðgerð:

- Skilgreining á heimsóknum og uppsetning á rafrænu umsóknarferli þekkingar- og stjórnsýsluheimsókna: Umsóknargátt og verkferill.

Meginmarkmið aðgerðar:

- Skilgreining á tegundum og inntaki heimsókna.
- Bætt skipulag, samhæfing og verkaskipting vegna heimsókna.
- Endurmeta fyrirkomulag þekkingarheimsókna.
- Bætt yfirsýn og tölfræði yfir heimsóknir.
- Fá fram skýrari óskir gesta um heimsókn fyrr í ferlinu.

Afurðir:

- Skilgreiningar og verkferlar um heimsóknir.
- Gestur - Umsóknargátt vegna heimsókna.





5. Bætt verklag heimsóknna og rafrænt umsóknarferli

Ábyrgð:

- Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Samstarfsaðilar:

- Faghópur um alþjóðamál.

Tímasetning:

- Aðgerð lokið á fyrstu 12 mánuðum eftir samþykkt stefnu.

Kostnaður:

- Innan fjárheimilda (óverulegur kostnaður við uppsetningu/áskrift að kerfi)





5. Bætt verklag heimsókna og rafrænt umsóknarferli

Rökstuðningur/lýsing:

- Heimsóknir erlendra gesta til Reykjavíkurborgar eru af ýmsu tagi og eiga við öll svið og skrifstofur í borgarkerfinu, starfsfólk og kjörna fulltrúa.
- Allur gangur er á því hvernig beiðnir um heimsóknir berast, hvers eðlis þær eru, með hversu löngum fyrirvara þær berast og hversu miklu þarf að tjalda til við móttöku gesta.
- Staðlaðar kröfur um hvaða upplýsingar þarf að setja fram við beiðni um heimsókn liggja ekki fyrir. Beiðnirnar eru of oft illa skilgreindar.
- Verkaskipting vegna heimsókna er óljós.
- Oft þarf að fá mismunandi sérfræðinga frá ólíkum sviðum að einu og sama heimsóknaborðinu með tilheyrandi samskiptum og skipulagsáskorunum.





5. Bætt verklag heimsókna og rafrænt umsóknarferli

Rökstuðningur/lýsing:

- Yfirsýn og talning á beiðnum sem berast er ábótavant.
- Ekki hefur verið gerð sérstök greining á umfangi og skipulagi heimsókna til Reykjavíkurborgar en reynslan sýnir að umfang heimsókna er allverulegt og hefur farið vaxandi undanfarin ár. Langtímaáhrif Covid-19 heimsfaraldursins á umfang og fjölda heimsókna til borgarinnar eiga þó eftir að koma í ljós.
- Með því að setja upp rafræna gátt og skilgreina tímamörk og verkferil er hægt að bæta utanumhald, verkaskiptingu og gagnaskráningu vegna heimsókna og tryggja nægan viðbragðstíma, að hægt sé að skipuleggja dagskrá, bóka sérfræðinga og gera aðrar ráðstafanir.
- Sætt utanumhald um heimsóknir yrði til að styðja við öll meginmarkmið alþjóðastefnu í formi farsællar kynningarstarfsemi.





6. Bætt skipulag ferða starfsfólks og kjörinna fulltrúa

Aðgerð

- Búa til verklag um skipulag ferða og setja upp rafrænt kerfi ferðaheimilda.

Meginmarkmið aðgerðar

- Bæta yfirsýn og utanumhald um ferðalög starfsfólks og kjörinna fulltrúa.
- Þjónusta betur kjörna fulltrúa.
- Bæta og samræma verklag um skipulag ferða og með því gera það skilvirkara og hagkvæmara.
- Skilgreina og skýra heimildir starfsfólks til þekkingar- og fræðsluferða á vinnutíma.
- Bæta gagnaskráningu og auka gagnsæi.
- Styðja við kolefnisjöfnun ferðalaga.

Afurðir

- Verklag og skýr verkaskipting um ferðalög starfsfólks og kjörinna fulltrúa.
- Rafrænt ferðaheimildakerfi.
- Skilgreind gagnaskráning.



6. Bætt skipulag ferða starfsfólks og kjörinna fulltrúa

Ábyrgð:

- Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara og fjármála- og áhættustýringarsvið.

Samstarfsaðilar:

- Verkefnið er unnið í samstarfi við skrifstofu borgarstjórnar, fag- og kjarnasvið og skrifstofur í miðlægri stjórnslu.

Tímasetning:

- Aðgerð lokið á fyrstu 6 mánuðum eftir samþykkt stefnu.

Kostnaður:

- Rafrænt ferðaheimildakerfi rúmast innan núverandi fjárheimilda.





6. Bætt skipulag ferða starfsfólks og kjörinna fulltrúa

Rökstuðningur:

- Skilgreina þarf þjónustu vegna þátttöku kjörinna fulltrúa í viðburðum erlendis með skýrum hætti þannig að tryggður sé nægjanlegur stuðningur við ferðaskipulagningu og gætt að öryggi og ásýnd. Þetta getur m.a. varðað skráningu á viðburði, bókanir og nauðsynlegar/gagnlegar bakgrunnsupplýsingar vegna þátttöku.
- Verkaskipting við ferðaskipulagningu kjörinna fulltrúa mætti vera skýrari og gerð með hagkvæmari hætti. Það á m.a. við þegar ferðir tengjast fleiri en einum málaflokki.
- Unnið er að því á fjármála- og áhættustýringasviði að koma ferðaheimildum í rafrænt samþykktarferli. Samhliða verður unnið að því að þróa og innleiða rafræn eyðublöð vegna ferðaheimilda til þess að einfalda verklag. Í því felst meðal annars að skilgreina þarfir hvað varðar gagnasöfnun sem tengist ferðaskipulagningu, kostnað við ferðir og losun gróðurhúsalofttegunda.



6. Bætt skipulag ferða starfsfólks og kjörinna fulltrúa

Rökstuðningur

- Ávallt þarf að gæta að hagkvæmni í ferðaskipulagningu og skoða má aukna miðlæga umsjón með ferðaundirbúningi. Að bókun á flugi, gistingu og gerð ferðaheimilda verði staðsett miðlægt með það að markmiði að ná fram samræmingu á innkaupum vegna ferðalaga, aukin yfirsýn og þ.a.l. hagstæðari verð. Greina má kostnað við flugferðir, hvert er flogið, þar með talið millilendingar, og standa að útboði í það minnsta á ferðum til algengustu áfangastaðanna.





7. Greining á þörf og rekstrar- umhverfi alþjóðaskóla í Reykjavík

Aðgerð:

- Greina þörf fyrir frekara starf alþjóðaskóla í Reykjavík og skoða möguleg rekstrarform.

Meginmarkmið aðgerðar:

- Greina þörf fyrir frekara starf alþjóðaskóla í Reykjavík.
- Skoða rekstrarform alþjóðaskóla erlendis m.t.t. þess hvort um opinberan, blandaðan eða einkarekstur er að ræða, og máta við íslenskan veruleika.
- Skoða lagaumgerð leik- og grunnskóla, m.t.t. fýsileika reksturs sjálfstætt starfandi aðila á alþjóðaskólum byggðum á alþjóðlegum gæðaviðmiðum.
- Kanna hvernig greiðslupátttöku er almennt háttað erlendis gagnvart foreldrum.
- Kanna möguleika til tímabundinnar dvalar nemenda í alþjóðaskólum í Reykjavík.



7. Greining á þörf og rekstrar- umhverfi alþjóðaskóla í Reykjavík

Afurðir

- Greiningarskýrsla með tillögum að áherslum Reykjavíkurborgar varðandi starfsemi alþjóðaskóla.

Ábyrgð:

- Skóla- og frístundasvið.

Samstarfsaðilar:

- Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara og e.a. fag- og kjarnasvið, skrifstofur í miðlægri stjórnsýslu, mennta- og menningarmálaráðuneytið, starfandi innlendir og erlendir alþjóðaskólar, o.fl.

Tímasetning:

- Aðgerð lokið á fyrstu 12 mánuðum eftir samþykkt stefnu.



7. Greining á þörf og rekstrar- umhverfi alþjóðaskóla í Reykjavík

Rökstuðningur:

- Samkeppnishæfni er eitt meginmarkmiðaða alþjóðastefnunnar en Reykjavíkurborg á í stöðugri samkeppni við aðrar borgir um fólk og fyrirtæki, hugvit, hæfileika og fjárfestingu.
- Starfsemi öflugra alþjóðaskóla eykur framboð þjónustu og getur gert Reykjavík að álitlegri búsetukosti fyrir starfsfólk ýmissa stofnana og fyrirtækja sem starfa á alþjóðavettvangi – og þar með aukið líkur á að viðkomandi starfsemi velji að staðsetja sig í borginni. Eins getur starfsemin styrk stöðu þeirra stofnana, fyrirtækja og einstaklinga sem þegar starfa í Reykjavík.



4.

Viðaukar





Viðaukar



1. Erindisbréf
stýrihóps 2018



2. Umfang og
afmörkun verkefnis



3. Stöðumat
2018 – 2020



4. Ítarefni



Viðauki 1

Erindisbréf stýrihóps



Reykjavíkurborg

R18090019

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um endurskoðun á stefnu Reykjavíkurborgar í erlendum samskiptum

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Stefna Reykjavíkurborgar í erlendum samskiptum var samþykkt í borgarráði þann 3. febrúar 2005. Á fundi borgarráðs þann 20. september 2018 var samþykkt að skipa stýrihóp í þeim tilgangi að endurskoða stefnuna.

Hlutverk stýrihóps:

Hlutverk stýrihópsins er að leggja fram drög að endurskoðaðri stefnu Reykjavíkurborgar í erlendum samskiptum.

Helstu verkefni:

- Að yfirfara núverandi stefnu Reykjavíkurborgar, greina helstu þemu sem lögð verði áhersla á, og leggja fram drög að endurskoðaðri stefnu sem ávarpi skýrt helstu áskoranir, markmið og tækifæri í alþjóðastarfi borgarinnar.
- Kanna tilhögun, umfang og eðli verkefna er varða móttöku erlendra gesta og ferða utanlands og gera tillögur að bættu fyrirkomulagi.

Stýrihópin skipa:

Dóra Björt Guðjónsdóttir (formaður), Skúli Helgason og Eyþór Laxdal Arnalds.

Með hópnum starfar Hilmar Hildar Magnússon alþjóðafulltrúi á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og eftir þörfum sérfræðingar á fagsviðum og skrifstofum miðlægrar stjórnýslu.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn starfi í samráði við forsætisnefnd sem fer með alþjóðasamstarf borgarstjórnar. Hann enn fremur ráðgjafar hjá aðilum innan og utan borgarkerfis með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Stýrihópurinn skili ábyrgðarmanni niðurstöðum fyrir lok maí 2019.

Reykjavík, 21. september 2018

Dagur B. Eggertsson



Viðauki 2

Umfang & afmörkun verkefnis Stefna & stýrihópur

Stefna Reykjavíkurborgar í erlendum samskiptum og endurskoðun hennar

- Stefna Reykjavíkurborgar í erlendum samskiptum var samþykkt í borgarráði í febrúar 2005.*
- Á fundi borgarráðs þann 20. september 2018 var samþykkt að skipa stýrihóp til að endurskoða stefnuna.**

Helstu verkefni stýrihópsins

- Að yfirfara núverandi stefnu, greina helstu þemu sem lögð verði áhersla á, og leggja fram drög að endurskoðaðri stefnu sem ávarpi skýrt helstu áskoranir, markmið og tækifæri í alþjóðastarfi borgarinnar.
- Kanna tilhögun, umfang og eðli verkefna er varða móttöku erlendra gesta og ferða utanlands og gera tillögur að bættu fyrirkomulagi.

Stýrihópin skipa

- Dóra Björt Guðjónsdóttir, formaður
- Eyþór Laxdal Arnalds og
- Pawel Bartoszek.

Starfsmenn stýrihóps

- Hilmar Hildar Magnússon og
- Svavar Jósefsson

* Sjá [Stefnu Reykjavíkurborgar í erlendum samskiptum](#).

** Sjá Viðauka 1: Erindisbréf – Stýrihópur um endurskoðun á stefnu Reykjavíkurborgar í erlendum samskiptum.




Viðauki 2

Umfang & afmörkun verkefnis Stærra hlutverk borga

Þróun alþjóðasamskipta borga í fræðum og framkvæmd

Stærra hlutverk borga og aukin alþjóðasamskipti*

- Verkefni sem falla undir alþjóðasamskipti eru víðtæk og snerta flest önnur málefnasvið.
- Miklar breytingar síðustu ár og áratugi hafa aukið mjög umfang alþjóðasamskipta.
- Hnattvæðing og hnattrænar áskoranir hafa breytt mörgu og aukið flæði fólks, vöru og þjónustu.
- Margar borgir hafa nýtt þetta við t.d. efnahagsþróun – leita fjárfestingar, markaða og tækninýjunga.
- Margar borgir hafa byggt upp stofnanainnviði til að mæta vaxandi hlutverki í hnattvæddum heimi: alþjóðafulltrúar, alþjóðaskrifstofur, sendiskrifstofur erlendis, markaðsstofur og uppbygging tengslaneta og aukin þátttaka í ýmsum alþjóðlegum samtökum og verkefnum.
- Aukin áhersla er á marghliða samstarf.



Mörg hugtök sem lýsa alþjóðasamskiptum borga

- Alþjóðasamskipti eða utanríkismál borga, ríkja og héraða eru kölluð ýmsum nöfnum enda mörg hugtök sem nota má um varanleg eða tilfallandi alþjóðatengsl stjórnvalda á lægri stjórnsýslustigum en ríkisvaldsins.
- Samhliða sendierindrekstur (e. Paradiplomacy eða Parallel Diplomacy) kemur fram sem hugtak á 9. áratug 20. aldar í akademískri umræðu um framsal valds frá bandaríska alríkinu til sambandsríkja (e. New Federalism).
- Hugtökin alþjóðasamskipti og -stefna vísa til þjóða og þjóðríkja og hugtakið erlend samskipti kallar á innlendu hlið- eða andstæðuna og ber keim af tvíhyggju.
- Mögulega er nær að tala um hnattræn samskipti til að fanga betur flókin viðfangsefni og fjölbreyttan veruleika borgarinnar á tímum aukinna fólksflutninga og fjölmenningar.

* Í þessum kafla stefnunnar sem fjallar um umfang, afmörkun og þróun alþjóðasamskipta borga er mikið stuðst við rit Rodrigo Tavares, [Paradiplomacy: Cities and States as Global Players](#), frá 2016.



Viðauki 2: Umfang & afmörkun verkefnis – Takmarkandi þættir

Ólíkar heimildir borga til alþjóðlegs samstarfs en mest horft til gagnsemi verkefna

- Frelsi borga og héraða til þátttöku í alþjóðlegu samstarfi takmarkast af lögum og reglum viðkomandi ríkja. Sumar borgir og hérað hafa ríkari valdheimildir en aðrar til að reka eigin „utanríkisstefnu“ og eru mjög virk í alþjóðlegu samstarfi. Dæmi um þetta eru Buenos Aires höfuðborg Argentínu og Quebec ríki í Kanada.
- Borgir virðast oftast nokkuð jarðbundnar í nálgunum og líta til hvernig verkefni gagnist þeim málaflokkum sem þau fara með.
- Þó eru til fjölmörg dæmi um að alþjóðastefna borga sé rekin í hreinni andstöðu við stefnu þess ríkis sem þær tilheyra, t.d. þegar kemur að loftslagsmálum, lýðræðis- og stjórnkerfismálum, fólksflutningum og mannréttindum. Hér má nefna nýleg dæmi um fjölda borga í Bandaríkjunum, borgir í Katalóníu á Spáni eða Prag í Tékklandi.

Mið tekið af stefnu ríkisins en fátt virðist takmarka alþjóðasamskipti

- Íslenska ríkið rekur utanríkisstefnu sem m.a. er tekið mið af við ákvarðanir en lagaleg umgjörð virðist lítt takmarka athafnafrelsi Reykjavíkurborgar að þessu leyti.
- Sveitarfélaginu er tryggður ákveðinn réttur til að ráða málefnum sínum í:
 - 78. gr. stjórnarskrárinnar*
 - Sveitarstjórnarlögum**
 - Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga (sem hefur verið tekinn upp í sveitarstjórnarlög)***

* Sjá [Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands](#), nr. 33, 17. júní 1944.

** Sjá t.a.m. 3. gr. [Sveitarstjórnarlaga](#) nr. 138, 28. september 2011.

*** [Sjá um sjálfstjórn sveitarfélaga á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga](#) (þ.m.t. Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga)




Viðauki 2: Umfang & afmörkun verkefnis – Áskoranir stefnu

Hnattrænar áskoranir kalla á aðlögun og skýrari stefnumótun

- Hnattvæðing, hnattrænar áskoranir, örar breytingar og aukið alþjóðlegt hlutverk borga kallar á sífellda aðlögun þeirra og skýrari stefnumótun.

Alþjóðastefna Reykjavíkurborgar þarf að ávarpa:

- Hvaða grunngildi borgin hefur að leiðarljósi í alþjóðamálum.
- Hvaða grunnviðmið stýra ákvörðunum og verkefnavali.
- Hvaða ímynd borgin vill sýna út á við.
- Hverju borgin vill áorka á heimsvísu.
- Hvað borgin vill fá út úr alþjóðlegu samstarfi og hvað hún vill gefa af sér.





Viðauki 2: Umfang & afmörkun verkefnis – Gildistími & ábyrgð

Alþjóðastefna Reykjavíkur til 2030


- Alþjóðastefna Reykjavíkur gildir til 2030.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara:

- Ber heildarábyrgð á stefnunni, innleiðingu hennar og eftirfylgni.
- Ber ábyrgð á að endurskoða markmið og aðgerðir stefnunnar eftir því sem ástæða þykir til á gildistíma hennar.
- Ber ábyrgð á innleiðingu fyrstu aðgerðaáætlunar og reglubundinni endurskoðun aðgerðaáætlunar í samráði við fagsvið og faghóp Reykjavíkurborgar um alþjóðamál.

Fagsvið, kjarnasvið og miðlægar skrifstofur borgarinnar:

- Bera ábyrgð á innleiðingu stefnunnar í eigin starfsemi og skal útfærsla hennar á hverju sviði fyrir sig staðfest af hlutaðeigandi ráði, sbr. aðgerð 1 í aðgerðaáætlun stefnunnar.





Viðauki 3: Stöðumat 2018-2020 Tímalína

Október 2018

- Minnisblað alþjóðafulltrúa um stöðu og þróun alþjóðasamskipta Reykjavíkurborgar lagt fram á fundi borgarstjórnar 2. október 2018.*

Desember 2018

- Hugarflugsfundur stýrihóps þar sem m.a. var rætt um stöðu mála.
- Fagsvið og miðlæggar skrifstofur beðnar um eftirfarandi upplýsingar:
 1. Uppfærsla á yfirliti yfir samninga, aðildir að formlegum samtökum og e.a. alþjóðlegum verkefnum.
 2. Hvernig framkvæmd nágildandi stefnu hefur verið háttáð ásamt helstu kostum hennar og göllum
 3. Tölfræði alþjóðasamskipta.

Febrúar 2019

- Í upphafi árs 2019 voru haldnar tvær vinnustofur:
 - með starfsfólki frá fagsviðum og miðlægum skrifstofum
 - með ytri hagsmunaaðilum: fulltrúum B-hluta fyrirtækja, ráðuneyta og nokkurra stofnana og samtaka

Vor 2019

- Vorið 2019 var upplýsingaöflun fylgt eftir og stjórnendur og sérfræðingar beðnir um að leggja mat á alþjóðastarfið með því m.a. að svara spurningum um samspil stefna og alþjóðastarfs ásamt þáttum sem einnig voru áberandi í vinnustofum starfsfólks og hagsmunaaðila, s.s. fyrirkomulag alþjóðamála, áhrif, mörkun og þekkingarmiðlun.

Haust 2019

- Áframhaldandi uppærsla á yfirliti alþjóðlegra skuldbindinga sviða og skrifstofa.

* Sjá Minnisblað: [Endurskoðun á stefnu Reykjavíkurborgar í erlendum samskiptum, 14. september 2018.](#)



Viðauki 3: Stöðumat 2018-2020

Samantekt stöðumats

Samantekt á yfirliti samninga, aðilda og þátttöku, framkvæmd núverandi stefnu og tölfræði alþjóðlegs samstars.

Yfirlit aðilda sviða og skrifstofa að samningum, samtökum og e.a. þátttöku í verkefnum*

- 13 samningar/sáttmálar, 39 formleg samtök og 124 atriði undir annað samstarf
- Tölurnar benda mögulega til vaxtar í alþjóðlegu samstarfi miðað við fyrri ár...
- ...en yfirlitið er gloppótt og vöxturinn gæti helgast af nákvæmari talningu í seinni tíð. Yfirlitið þarfnast nánari skoðunar og reglulegrar uppfærslu.

Núverandi stefna í erlendum samskiptum: Mat sviða og skrifstofa á kostum/göllum við framkvæmd**

- Stefnan er almenn, stutt og skýr og rímar ágætlega við margt í starfseminni...
- ...en var ekki innleidd með markvissum hætti og er lítt sýnileg.
- ...og að mörgu leyti orðin úrelt og ófullnægjandi, t.d. varðandi þróun alþjóðamála almennt, málaflokka, tækifæra fyrir starfsstöðvar og styrkjasókn.

Tölfræði: Mat fagsviða og miðlægra skrifstofa á tölfræði um alþjóðasamskipti***

- Lykiltölur vantar eða eru ekki samræmdar, t.d. um heimsóknir og utanlandsferðir.
- Bent var á að ráðning sérstaks verkefnastjóra alþjóðlegs samstarfs og styrkja á skóla- og frístundasviði hefði eflt upplýsingaöflun og styrkt áætlanagerð og styrkjasókn.

* Sjá nánar í [Ítarefni: Stöðumat 2018-2020 – Yfirlit aðilda](#) á glæru 67 og [Alþjóðlegt samstarf – Listi yfir aðildir Reykjavíkurborgar – Samtök, samningar og verkefni](#).

** Sjá nánar í [Ítarefni: Stöðumat 2018-2020 – Stefnan í dag](#) á glæru 68.

*** Sjá nánar í [Ítarefni: Stöðumat 2018-2020 – Tölfræðin](#) á glæru 69.



Viðauki 3: Stöðumat 2018-2020

Samantekt stöðumats

Samantekt á vinnustofum starfsfólks og ytri hagsmunaaðila sem og á mati stjórnenda og sérfræðinga fagsviða og miðlægra skrifstofa á alþjóðastarfinu.

Vinnustofur starfsfólks og ytri hagsmunaaðila*: Skýr þemu birtust í niðurstöðum hópa:

- Þekking: Miðlun og öflun þekkingar til að fá samanburð, bæta starfið og skapa traust, víðsýni, skilning og virðingu.
- Áhrif: Borgin sinni hagsmunagæslu sinni. Hampa því sem vel er gert og ný stefna endurspeglar aðrar stefnur borgarinnar og gildi.
- Mörkun: Markaðssetning, vörumerki og samkeppnishæfni. Borgin sé aðlaðandi til búsetu, reksturs og heimsóknna. Ímynd.
- Fyrirkomulag: Hýsing málaflokksins. Samhæfing og upplýsingamiðlun. Eftirfylgd stefnu. Skilvirkar snjallar lausnir. Fleira starfsfólk.

Mat stjórnenda og sérfræðinga á starfinu í dag og jákvæðum þáttum þess**

- Umfang: Margar stefnur (a.m.k. 27) tengjast alþjóðamálum og kalla á mikið samstarf, t.d. varðandi þjónustu sem borgin sækir
- Áhrif: Reykjavíkurborg hefur mikið fram að færa og mikið er leitað til hennar. Hún hefur þónokkur áhrif og reynir að sinna því.
- Þekking: Miðlun þekkingar, bæði starfsfólks og kjörinna fulltrúa, er fyrirferðarmikil og vekur athygli.
- Mörkun: Nefnt var að mörkunin fælist í verkefnum sjálfum og áherslum á málaflokka. Alþjóðastarf gæti markað borgina frekar.
- Marghliða samstarf: Borgin er virk í ýmsu marghliða samstarfi – og þvert á málefni. Starfsstöðvar oft sjálfstæðar í starfi.
- Tengslanet: Norrænt tengslanet gamalgróið og mikilvægt. Einnig eru persónuleg tengslanet verðmæt og gagnast oft best.
- Aukið alþjóðastarf styrkir stefnur og starfsemi – en það gerist ekki án fleira starfsfólks eða forgangsröðunar í alþjóðastarf.
- Virði verkefna: Verkefni valda álagi á kerfið og mörgu er hafnað – stjórnendur leggja huglægt mat á verkefni.
- Aukin samkeppnishæfni vinnustaðar: Alþjóðlegt samstarf eykur starfsþróunarmöguleika og gerir vinnustaðinn meira spennandi.

- Sjá nánar í [Ítarefni: Stöðumat 2018-2020 – Vinnustofur](#) frá glæru 70.

** Sjá nánar í [Ítarefni: Stöðumat 2018-2020 – Starfsemin í dag](#) á glæru 73 til 75.



Viðauki 3: Stöðumat 2018-2020

Samantekt stöðumats

Samantekt á mati stjórnenda og sérfræðinga fagsviða og miðlægra skrifstofa á því hvað megi bæta í alþjóðastarfinu.

Mat stjórnenda og sérfræðinga á því hvað megi bæta í starfinu

- Alþjóðastarfið er of viðbragðsdrifið – borgina skortir afl til frumkvæðis.
- Þekkingarmiðlun er í ójafnvægi – miklu er miðlað en minna sótt. Sækja þarf meiri þekkingu út.
- Gögn og viðmið/samanburð við erlendar borgir vantar. Einnig innsýn í aðferðir og stefnur. Vakta þarf betur umræðu og lagasetningu erlendis.
- Virkari og sýnilegri styrkjasókn. Auka samstarf um rannsóknir og þátttöku í samstarfsáætlunum. Skýrari forystu um þetta.
- Aukinn sýnileika og samhljóm milli orða og aðgerða. Skerpa á sérstöðu og skýra hvað borgin standi fyrir í heild sinni. Miðla því betur.
- Öflugri miðlun á erlendum tungumálum. Kynna þarf starfsemi og stefnur betur – ekki síst á ensku.
- Virkari forgangsröðun með áherslu á kjarnaþjónustu og sérstöðu.
- Virði verkefna – Skýrari viðmið, öflugra mat og virkari forgangsröðun til að tryggja ávinning.
- Efla miðlæga forystu og yfirsýn. Leiðbeina betur um tilgang með alþjóðlegu samstarfi.
- Efla utanumhald, samhæfingu og skilvirkni. Sérstaka starfsmenn til að sinna alþjóðlegu samstarfi. Efla samstarf sviða og byggja brýr.
- Auka þjónustu við kjörna fulltrúa – t.d. vegna ferðalaga og móttaka og til að setja þá inn í ýmis alþjóðamál.
- Styrkja, samhæfa og snjallvæða utanumhald utanlandsferða, heimsóknna og móttaka.
- Huga betur að umhverfisáhrifum alþjóðastarfs.
- Sjá nánar í [Ítarefni: Stöðumat 2018-2020 – Atriði sem mætti bæta](#) á glærum 76 til 78.



Viðauki 4: Sviðsmyndagreining KPMG frá 2018

Meginstraumar og drifkraftar Reykjavíkurborgar

Fjöldargir drifkraftar hafa áhrif á framtíðina. Þeir hreyfa við okkur og breyta starfsumhverfi okkar, stundum án þess að við áttum okkur á því. Í verkferlinu voru dregnir fram þeir drifkraftar sem voru taldir hafa mikil áhrif á þróun starfsumhverfis Reykjavíkurborgar á næstu árum.

Íbúasamsetning og innflytjendur

Hver verður fjöldi íbúa og hlutfall innflytjenda? Verður borgin í stakk búin að sinna ólíkum þörfum íbúa sinna, jafnt ungra sem og þeirra sem eldri eru og ekki hvað sist innflytjenda.

Menntamál, nýsköpun og tækniþróun

Hvernig munu menntamál þróast? Verður áhersla á nýsköpun og tækniþróun í Reykjavík eða hægir á henni?

Samgöngumál

Hvernig verður samgöngum háttáð í framtíðinni? Mun einkabíllinn halda sínu eða munu hágæða almenningssamgöngur vaxa? Hvað með sjálfkeyrandi farartæki og flugvöllinn?

Sveigjanleiki samfélagsins

Framundan eru miklar breytingar í atvinnuháttum og íbúapróun. Hver verður geta samfélagsins til aðlögunar að þeim fjölmörgu breytingum sem kunna að blasa við?

Velferðarmál

Hvernig munu áherslur í velferðarmálum þróast?

Atvinnulíf

Hverjar verða meginstoðir atvinnulífs í borginni í framtíðinni? Mun fjórða iðnbýllingin hafa mikil áhrif?

Lifsgæði, aðdráttarafli og ímynd höfuðborgarinnar

Fyrir hvað verður Reykjavík þekkt í framtíðinni og hvað mun laða íbúa til hennar?

Íbúða- og atvinnuhúsnæðismál

Verður jafnvægi í framboði og eftirspurn húsnæðis í borginni?

Umhverfismál

Munu umhverfismál verða ofarlega í hugum borgarbúa á komandi árum – og þá hvaða þættir helst?

Alþjóðleg þróun

Munu ríki heims reka verndarstefnu með tilheyrandi tollmúrum og hindrunum, eða verður frjálst flæði á bæði vörum og vinnuafli milli landa og heimsálfa?

Helstu drifkraftar Reykjavíkurborgar

Drifkraftar móta umhverfið

Valdir voru tveir megin drifkraftar til að ramma inn sviðsmyndirnar. Annar þeirra fjallar um sveigjanleika samfélagsins og hversu móttækilegt það er til að takast á við breytingar. Hinn snýr að alþjóðlegri þróun og hvaða áhrif hún kann að hafa á starfsumhverfi Reykjavíkur.





Viðauki 4: Sviðsmyndagreining KPMG frá 2018

Sviðsmyndagreiningin styður við að Reykjavíkurborg ætti að leggja áherslu á innri aðlögunarhæfni og opið alþjóðasamfélag

Fjórar ólíkar sviðsmyndir

Þegar drifkröftunum er steypt saman verða til fjórar sviðsmyndir sem lýsa starfsumhverfi Reykjavíkur út frá mismunandi þróun drifkraftanna. Hverri sviðsmynd var gefið lýsandi nafn í takt við þá þróun sem hún fjallar um.





Viðauki 4: Sviðsmyndagreining

KPMG frá 2018

Sviðsmyndagreiningin styður við að Reykjavíkurborg ætti að leggja áherslu á innri aðlögunarhæfni og opið alþjóðasamfélag

	Eyland		„Ekki tilbúin“		Á eigin vegferð		Land tækifæranna	
	Ríkjablokkir	Tregða	Opið alþjóðasamfélag	Tregða	Ríkjablokkir	Aðlögunarhæfni	Opið alþjóðasamfélag	Aðlögunarhæfni
Íbúasamsetning og nýbúar	Samfélagið eldist, fólksfækkun. Færri nýbúar. Önbreyttur eftirlaunaaaldur.		20% íbúa eru innflytjendur. Menntaðir Íslendingar flytja erlendis og minna menntaðir innflytjendur seljast að.		Jafnvægi í samsetningu íbúa og útsvarsgreiðenda. Styrð fjölgun menntaðra innflytjenda utan ESB. Hæri lífeyristökualdur.		Fjölbreytt, mikil aðsókn innflytjenda með fjölbreyttan bakgrunn.	
Menntamál, nýsköpun og tækniþróun	Einsleit og takmörkuð tækifæri til menntunar, staðbundin nýsköpun. Vaxandi spekileki.		Menntakerfið þrúast hægt. Tækniþróun róleg. Verulegur spekileki.		Mikil nýsköpun, minni atgervisflótti, öflugt framboð innlestrar menntunar.		Íbúar sækja sér menntun um allan heim. Nútímalegt innlent menntakerfi. Nýsköpun og listir.	
Atvinnulíf	Útflutningsgreinar dragast saman. Milliríkjavíðskipti byggjast í vaxandi mæli á vöruskiptum. Dregur úr ferðaþjónustu. Þjóðleg menning og listir, orka, smáíðnaður og þjónusta.		Matvælaíðnaður, stóriðja, veruleg en jafnframt viðkvæm ferðaþjónusta, (Massa-ferðaþjónusta).		Nýsköpun, framleiðsla og tækniþróun. Sérhæfð ferðaþjónusta og aðrar þjónustu- og hugvitsgreinar. Samdráttur hefðbundinna útflutningsgreina.		Tæknivæddar útflutningsgreinar og mikill hraði. Aukin frumkvöðlastarfsemi. Ferðaþjónusta, umhverfis- og auðlindamálefni.	
Samgöngumál	Hefðbundin bílasamfélag.		Hægfara innleiðing vistvænna farartækja. Einkabíllinn í forgangi		Orkuskipti, fjölbreyttari ferðamátar og hágæða almenningsamgöngur.		Rafknúin farartæki, sjálfkeyrandi bílar, hágæða almenningsamgöngur, deilihagkerfi.	
Lifsgæði og aðdráttarafl höfuðborgarinnar	Stytti vinnuvika. Minnkandi hagsæld. Þjóðleg menning, vaxandi nægjustemi.		Mismunandi eftir þjóðfélagshópum. Vaxandi ójöfnuður.		Hátt atvinnustig, höfuðborgarsvæðið eitt sveitarfélag.		Aðlaðandi umhverfi, mikil atvinnuöguleikar í umhverfisvænu landi.	
Velferðarmál	Samkennd og nálægð. Álag á grunnþjónustu og erfitt fyrir borgina að uppfylla kröfur.		Auknar kröfur og nýjar áskoranir.		Minni þrýstingur á velferðakerfið, kostnaðarlegt hagræði í sameinuðum sveitarfélögum.		Markviss einstaklingsmiðuð þjónusta. Eldra fólk lengur á vinnumarkaði.	
Íbúða- og atvinnuhúsnæðismál	Nægt framboð og lægra verð.		Vaxandi eftirspurn eftir fjölbreyttu húsnæði.		Aukinn þéttleiki, færri fermetrar á mann. Öflugur leigumarkaður.		Hagkvæmar og fjölbreyttar lausnir, deilihagkerfi	
Umhverfismál	Umhverfismál ekki í forgangi.		Takmörkuð umhverfisvitund.		Mikil áhersla á flokkun sorps. Rík umhverfisvitund íbúa.		Aukin meðvitund, ábyrgari umhverfismál, nýsköpun og sjálfbærni.	
Ímynd Reykjavíkurborgar	Staðnað, ofvaxið sveitaþorp.		Fjölþjóðleg borg. Órói vegna mikilla breytinga á íbúasamsetningu.		Reykjavík er dýr, spennandi og eflirsóknarverð.		Umhverfisvæn heimsborg	



Ítarefni: Stöðumat 2018-2020

Yfirlit aðilda

Uppfært yfirlit fagsviða og miðlægra skrifstofa um aðild að samningum, samtökum og e.a. þátttöku í verkefnum.

Mögulegar vísbendingar um vöxt í alþjóðlegu samstarfi...

- Í febrúar 2020 höfðu borist svör frá 8 sviðum og skrifstofum af þeim 13 sem upphaflega voru beðin um að svara.
- Listinn er ekki tæmandi en ætti að gefa nokkuð góðar vísbendingar um stöðuna þar sem upplýsingar bárust frá þeim sviðum og skrifstofum þar sem samanlagt má ætla að meginþungi alþjóðastarfs fari fram. Um er að ræða:
 - 13 aðildir að samningum og sáttmálum (15 árið 2016).
 - 39 aðildir að formlegum samtökum (31 árið 2016 og 22 árið 2003)
 - 124 atriði sem flokkuð eru sem annað samstarf og verkefni (35 árið 2016)

...en yfirlitið er bæði gloppótt og allt eins til marks um nákvæmari talningu í seinni tíð

- Sé litið til talna fyrri ára mætti freistast til að halda að um talsverða aukningu sé að ræða.
 - Aukningin skýrist þó allt eins af nákvæmari talningu. Listinn er verkfæri í þróun og hefur með tímanum orðið ítarlegri og fullkomnari.
 - Hins vegar þarf að skýra skilgreiningar og samræma gögn, koma þannig í veg fyrir of- eða vantalningu og ná fram sameiginlegum skilningi um hvað nákvæmlega sé verið að mæla, ekki síst er varðar annað samstarf og verkefni.
 - Eins þarf að staga í upplýsingagöt (t.a.m. svið og skrifstofur sem vantar) og uppfæra listann reglulega.
-
- Þar til þessi vinna hefur farið fram skyldi forðast að draga eindregnar ályktanir af gögnunum um vöxt eða samdrátt í alþjóðastarfi á milli ára.



Ítarefni: Stöðumat 2018-2020

Stefnan í dag

Mat fagsviða og miðlægra skrifstofa á kostum og göllum við framkvæmd núverandi stefnu í erlendum samskiptum.

Stefnan er stutt og skýr og rímar ágætlega við margt...

- Stefnan er nokkuð almenn og rúmar þ.a.l. að einhverju leyti þau fjölbreyttu alþjóðasamskipti sem einkenna borgina í dag. Margt í stefnunni á sér hljómgrunn í starfsemi sviða og skrifstofa og verkefni þeirra ríma oft við markmið hennar.
- Eins er hún stutt og skýr.

...en er lítt sýnileg og var ekki framkvæmd

- Ekki virðist hafa verið unnið markvisst eftir stefnunni af þeim ástæðum helstum að hún hafi lítið sem ekkert verið kynnt og henni hafi ekki verið fylgt eftir.
- Stefnan hefur þ.a.l. ekki verið útfærð eða staðfest í borgarkerfinu.

...og er orðin úrelt og ófullnægjandi

- Stefnan er komin til ára sinna og þarfnast uppfærslu. Ávarpa þarf málaflokka beint, s.s. skóla- og frístundamál.
- Of mikið er horft til tvíhliða samskipta milli borga eða samvinnu á reglubundnum samstarfsvettvangi borga en minna til þeirra tækifæra sem standa starfsstöðvum borgarinnar til boða. Þannig vantar markvissari umfjöllun um styrkjasókn í norrænt og evrópskt samstarf á borð við Nordplus og samstarfsáætlanir Evrópusambandsins.
- Stefnan endurspeglar vart þróun síðustu ára með sístækkandi hlutverki borga á alþjóðavettvangi.



Ítarefni: Stöðumat 2018-2020

Tölfræðin

Mat fagsviða og miðlægra skrifstofa á tölfræði um alþjóðasamskipti.

Lykiltölur vantar eða eru ekki samræmdar

- Ekki er til staðar samræmd skráning upplýsinga um alþjóðasamskipti, t.d. um heimsóknir og utanlandsferðir.
- Mjög misjafnt er eftir sviðum og skrifstofum hvort teknar eru saman lykiltölur varðandi alþjóðasamskipti.

Heimsóknir

- Í sumum tilfellum er haldið utan um allar upplýsingar varðandi móttökur og heimsóknir erlendra gesta, t.a.m. um kynningar og fræðslu sem haldnar eru við þau tilefni.
- Í öðrum tilfellum eru til listar yfir heimsóknir.
- Í enn öðrum tilfellum er um talsverðan fjölda heimsókna að ræða en slíkt ekki skráð sérstaklega.

Utanlandsferðir

- Upplýsingum um utanlandsferðir starfsfólks Reykjavíkurborgar er haldið til haga, í vissum tilfellum jafnvel um kolefnisfótspor flugferða, en þó virðist framkvæmdin með nokkuð misjöfnum hætti. Þannig virðist nokkur munur á hvort og hvernig ársfjórðunglegum yfirlitum um utanlandsferðir er skilað.

Öflugra ut anumhald með sérstökum starfskrafti styrkir áætlanagerð og styrkjasókn

- Í þessu samhengi var nefnt að í kjölfar ráðningar sérstaks verkefnisstjóra alþjóðlegs samstarfs og styrkja á skóla- og frístundasviði hefði m.a. reynst unnt að taka saman upplýsingar um þátttöku starfsstaða innan sviðsins í Erasmus+ verkefnum. Þetta hefði styrkt alla áætlanagerð og styrkjasókn.



Ítarefni: Stöðumat 2018-2020

Vinnustofur

Í vinnustofum starfsfólks og ytri hagsmunaaðila í febrúar 2019 var unnið í hópastarfi og í ljós komu skýr þemu.

Þekking

Markmið & aðgerðir um miðlun þekkingar

- Reykjavík læri af öðrum og miðli sinni þekkingu.
- Tilgangurinn að bæta stjórnsýslu og þjónustu og skapa traust, víðsýni, skilning og virðingu.
- Alþjóðlegt samstarf til að spegla okkur í öðrum borgum – sjá hvar við stöndum vel og hvar við þurfum að bæta okkur.

Áhrif

Markmið & aðgerðir er varða áhrif og hagsmunagæslu

- Borgin sinni hagsmunagæslu sinni og sýni hvar hún skarar fram úr.
- Áhrif á alþjóðavettvangi endurspeglir stefnur borgarinnar í öðrum málaflokkum og verði til að styrkja innleiðingu þeirra.

Mörkun

Markmið & aðgerðir um mörkun og ímynd

- Markaðssetning og vörumerkið Reykjavík og að samkeppnishæfni borgarinnar.
- Að borgin sé aðlaðandi til að búsetu, reksturs fyrirtækja og ferðamennsku.
- Hvernig borg Reykjavík á að gefa sig út fyrir að vera.



Ítarefni: Stöðumat 2018-2020

Vinnustofur

Í vinnustofum starfsfólks og ytri hagsmunaaðila í febrúar 2019 var unnið í hópastarfi og í ljós komu skýr þemu.

Fyrirkomulag

Markmið & aðgerðir er varða fyrirkomulag alþjóðamála í stjórnkerfi Reykjavíkur.


- Hvar málaflokkurinn er hýstur í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar og með hvaða hætti.
- Áhersla á aukið samstarf innan kerfisins, stefna og markviss innleiðing hennar, handbók Reykjavíkurborgar um alþjóðlegt samstarf, skipulag og verkferlar, fjármagn og sókn í sjóði og styrktarfé og starfsmannaskipti.
- Verkfæri eins og umsóknargátt fyrir hópa sem vilja koma í heimsókn til borgarinnar og rafræna ferðaheimildagátt fyrir borgina.
- Þarf starfsfólk til að sinna málaflokknum og styrkjasókn og skýra framkvæmd um forgangsröðun (t.d. varðandi á mótum hvaða hópum er tekið)
- Aukið samstarf við aðila sem sinna alþjóðasamskiptum B-hluta félaga, ríkisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fræðasamfélagsins.



Ítarefni: Stöðumat 2018-2020

Vinnustofur

Undir lok vinnustofu starfsfólks var það beðið um að taka afstöðu til þriggja fullyrðinga eða spurninga.





Ítarefni: Stöðumat 2018-2020

Starfsemin í dag

Mat stjórnenda og sérfræðinga á fagsviðum og miðlægum skrifstofum á alþjóðastarfinu í dag og jákvæðum þáttum þess. Spurt var og greint eftir svipuðum þemum og komu fram í vinnustofum starfsfólks og ytri hagsmunaaðila.

Margar stefnur tengjast alþjóðamálum og kalla á mikið alþjóðlegt samstarf

- Þátttakendur nefndu 27 stefnur og drög að stefnum eða áætlunum sem þeir töldu að hefðu í för með sér alþjóðlegt samstarf, væri hægt að efla með alþjóðlegu samstarfi eða sem hefðu eitthvað fram að færa á alþjóðavettvangi.
- Flestir töldu umfangið mikið og meðal þeirra var nefnt að starfsemin væri slík að íslenskir þjónustuaðilar réðu ekki við þarfir borgarinnar. Sækja þyrfti þekkingu og gögn til erlendra aðila.

Reykjavíkurborg hefur mikið fram að færa og mikið er leitað til hennar

- Nefnt var að áhrif stefna borgarinnar væru nokkur og margt sem veki athygli. Þetta væri kynnt bæði með því að fara út og taka á móti gestum.
- Reykjavíkurborg hefði almennt mikið fram að færa og erlendir aðilar væru áhugasamir um að læra af reynslu borgarinnar og leituðu mikið eftir samstarfi og um að koma í heimsóknir. Stundum væri um að ræða styrkt samstarf en stundum ekki.
- Nefnt var að borgin hefði lengi verið þiggjandi að þessu leyti en gæfi í dag mun meira af sér. Á þessu hefði orðið skýr breyting.

Miðlun þekkingar er fyrirferðarmikil

- Flestir nefndu að alþjóðlega samstarfið snerist mikið um gagnkvæm þekkingarsamskipti sem gögnuðust starfseminni.
- Nefnt var að persónuleg samskipti gögnuðust stundum betur en t.a.m. að sækja ráðstefnur.
- Þekkingu er bæði miðlað af starfsfólki og kjörnum fulltrúum og það sem borgin hefur fram að færa vekur almennt athygli



Ítarefni: Stöðumat 2018-2020

Starfsemin í dag

Mat stjórnenda og sérfræðinga á fagsviðum og miðlægum skrifstofum á alþjóðastarfinu í dag og jákvæðum þáttum þess. Spurt var og greint eftir svipuðum þemum og komu fram í vinnustofum starfsfólks og ytri hagsmunaaðila.

Mörkunin felst í verkefnunum

- Nefnt var að mörkun borgarinnar fælist í sjálfu sér í samstarfinu um þau verkefni sem borgin legði áherslu á í sínum málaflokkum.
- Einnig að dýnamískt alþjóðlegt samstarf gæti markað Reykjavík sem áhugaverðari borg og skemmtilegri vinnustað.

Borgin er virk í margskonar marghliða samstarfi

- Nefnt var að borgin væri virk í margskonar marghliða samstarfi (samtökum) um ýmis málefnasvið og tæki þátt í upplýsinga- og þekkingarmiðlun og vinnustofum. Sumt krefðist mikillar verkefnavinnu og unnið væri saman á vinnufundum.
- Þá væri einnig í vaxandi mæli farið að taka þátt í marghliða samstarfi þvert á málaflokkana. Í þessu samhengi voru bæði nefnd húsnæðismál, sem snertu mörg svið, og forvarnarmál þar sem kæmu saman ólíkir aðilar, s.s. af skóla- og frístundasviði, íþróttá- og tómstundasviði og velferðarsviði, og vektu í sameiningu eftirtekt og áhuga. Þetta gæti verið dæmi um samstarf til eftirbreytni.
- Þá var nefnt að starfsstöðvar nyту ákveðins sjálfstæðis í alþjóðlegu samstarfi og að oft væru einstaka starfsstöðvar í talsverðu samstarfi án sérstakrar aðkomu miðlægrar skrifstofu viðkomandi sviðs.

Norrænt, persónuleg tengslanet á gömlum grunni

- Norrænt samstarf og gildi norræna tengslanetsins var oft nefnt. Samstarf sem hefði m.a. þróast í gegnum vinabæjasamstarf og reglubundna fundi og ráðstefnur.
- Samstarfið hvíldi oft á gömlum grunni og mikil verðmæti væru fólgin í persónulegu tengslaneti.
- Áherslan á norræna samstarfið hefði e.t.v. minnkað eitthvað í seinni tíð með samhliða aukinni áherslu á Evrópusamstarf.



Ítarefni: Stöðumat 2018-2020

Starfsemin í dag

Mat stjórnenda og sérfræðinga á fagsviðum og miðlægum skrifstofum á alþjóðastarfinu í dag og jákvæðum þáttum þess. Spurt var og greint eftir svipuðum þemum og komu fram í vinnustofum starfsfólks og ytri hagsmunaaðila.

Aukið alþjóðastarf styrkir stefnur og starfsemi – en gerist ekki án fleira starfsfólks

- Flestir voru sammála um að aukið alþjóðlegt samstarf gæti styrkt starf og stefnur. Starfsfólk ræddi stefnur á alþjóðavettvangi, „seldi“ stefnur borgarinnar og lærði um stefnur af öðrum. Þetta auki samhug um stefnu og marksækni hennar.
- Aukið samstarf gæti t.d. skilað betri þekkingu og fyrirmyndum um nálganir og fyrirkomulag ýmissa málaflokkum, ekki síst þar sem ríki og héruð fara með málaflokka sem héraendis eru á könnu borgarinnar. Einnig málaflokka þar sem valdsvið og umboð innan borgarinnar sköruðust og/eða þar sem ólík svið þyrftu að koma að lausn verkefna.
- Styrkjasókn styrkir stefnur borgarinnar og aukin styrkjasókn myndi efla þær enn frekar.
- Ekki er mögulegt að auka alþjóðlegt samstarf nema með fleira starfsfólki.

Verkefni valda álagi og mörgu þarf að hafna – huglægt mat lagt á virði verkefna

- Almenn er með virkum hætti reynt að taka á móti hópum og fara erlendis í samstarfsverkefni. Hins vegar þarf að beita nokkuð harðri forgangsröðun og hafna fjölda verkefna.
- Stjórnendur reyna sjálfir að meta virði alþjóðlegra verkefna, standa á bremsunni og grisja mikið. Oftast er matið huglægt en reynt að meta út frá tíma, kostnaði og trausti, t.d. hvort Reykjavíkurborg vilji leggja lag sitt við viðkomandi samstarfsaðila.

Alþjóðlegt samstarf styrkir samkeppnishæfni vinnustaðarins

- Nefnt var að aukið alþjóðlegt samstarf styrkti starfsþróun starfsfólks og gerði vinnustaðinn meira aðlaðandi og spennandi.



Ítarefni: Stöðumat 2018-2020

Atriði sem mætti bæta

Mat stjórnenda og sérfræðinga á fagsviðum og miðlægum skrifstofum á því sem bæta þarf í alþjóðastarfinu. Spurt var og greint eftir svipuðum þemum og komu fram í vinnustofum starfsfólks og ytri hagsmunaaðila.

Alþjóðastarfið er of viðbragðsdrifið – okkur skortir afl til frumkvæðis

- Nefnt var að Reykjavíkurborg væri of viðbragðsdrifin í alþjóðlegu samstarfi og skorti frumkvæði.

Þekkingarmiðlun í ójafnvægi – miklu miðlað en minna sótt

- Starfið snerist fremur um að miðla af þekkingu en að afla hennar, oftast í gegnum heimsóknir erlendra aðila til Reykjavíkur en þó einnig með ferðum til útlanda. Borgin miðli mikilli þekkingu þegar eftir væri kallað en þyrfti sjálf að geta sótt meiri þekkingu og kunnáttu. Styðja þyrfti betur við að skoða fyrirmyndir og bjóða upp á lausnir. Greina og para borgina betur við þá aðila sem leystu sambærilegar áskoranir best.

Gögn og viðmið/samanburð vantar

- Nefnt var að oft vantaði gögn og viðmið/samanburð við erlendar borgir en þetta væru þættir sem þyrfti að efla til muna til að gera borgina samanburðarhæfa þannig að hægt væri að vinna markvisst að framgangi mála. Þá þyrfti að vakta betur ráðstefnur, fræðsluefni, umræðu, lagasetningu o.fl. í öðrum borgum og ríkjum (t.d. á Norðurlöndum) til að fá raunverulega innsýn í aðferðafræði og stefnur.

Virkari og sýnilegri styrkjasókn, samstarf um rannsóknir og þátttöku í samstarfsáætlunum

- Fram kom ákall um að efla frekar styrkjasókn og samstarf um rannsóknir. Til að undirbyggja það þyrfti skýrari forystu og hugarfarsbreytingu í kerfinu. Víða væri unnið ötullega að þessum þáttum með góðum árangri en þó nefnt að borgin færi á mis við mikla þekkingu og fjármagn.
- Öflug styrkjasókn kalli á mikla vinnu og sérstök stöðugildi því byggja þurfi upp og viðhalda sérfræðiþekkingu og öfluggu tengslaneti.
- Búa þurfi þannig um hnútana að starfsfólk í borgarkerfinu geti leitað stuðnings og ráðgjafar sérfræðinga á þessu sviði.
- Eins þyrfti að efla kynningu á þessum þáttum meðal starfsfólks.



Ítarefni: Stöðumat 2018-2020

Atriði sem mætti bæta

Mat stjórnenda og sérfræðinga á fagsviðum og miðlægum skrifstofum á því sem bæta þarf í alþjóðastarfinu. Spurt var og greint eftir svipuðum þemum og komu fram í vinnustofum starfsfólks og ytri hagsmunaaðila.

Aukinn sýnileika og samhljóm milli orða og aðgerða

- Skýra þyrfti hvað Reykjavíkurborg stendur fyrir í heild sinni. Skerpa á sérstöðu og einkennum og koma starfinu og þátttöku í verkefnum miklu skýrar til skila, t.d. á vefsvæði borgarinnar. Þá þyrfti að vera samræmi milli stefnu, verka og því sem væri miðlað.

Öflugri miðlun á erlendum tungumálum

- Kynna þyrfti starfsemina og stefnurnar betur og miðla betur efni á erlendum tungumálum, ekki síst ensku.

Virkari forgangsröðun með áherslu á kjarnaþjónustu og sérstöðu

- Reyna ekki að gera allt en leggja áherslu kjarnaþjónustu og nota alþjóðlegt samstarf til að bæta hana.

Virði verkefna – skýrari viðmið, öflugra mat og virkari forgangsröðun

- Kallað var eftir skýrari viðmiðum og öflugra mati á þátttöku í verkefnum til að tryggja betur ávinning. Rætt um matsblöð/gátlista vegna ákvarðana um þátttöku í starfi samtaka, hýsingu ráðstefna, viðburða o.þ.h.

Efla miðlæga forystu og yfirsýn

- Fram kom að þótt flestir væru skynsamir í verkefnavali mætti til muna styrkja og skýra miðlæga sýn og forystu í alþjóðamálum og leiðbeina betur um tilgang með alþjóðlegu samstarfi (t.d. með borgarstefnu).
- Styrkja þurfi miðlæga yfirsýn, t.d. yfir tengiliði, til að miðla til sviða og skrifstofa.



Ítarefni: Stöðumat 2018-2020

Atriði sem mætti bæta

Mat stjórnenda og sérfræðinga á fagsviðum og miðlægum skrifstofum á því sem bæta þarf í alþjóðastarfinu. Spurt var og greint eftir svipuðum þemum og komu fram í vinnustofum starfsfólks og ytri hagsmunaaðila.

Efla utanumhald, samhæfingu og skilvirkni – innri samstarfsvettvangur

- Nefnt var ótvírætt gildi þess að hafa sérstaka starfsmenn á sviðum til að sinna alþjóðlegu samstarfi og styrkjasókn. Þetta væri lykilatriði til að sækja fjármagn inn í verkefni, koma verkefnum á framfæri og styðja starfsfólk í alþjóðastarfi, s.s. styrkjasókn.
- Þátttakendur nefndu að oft hefði alþjóðlegt samstarf einkennst af því að unnið væri í sílóum.
- Leiða þurfi betur saman þá aðila og krafta sem þegar væru til staðar í alþjóðastarfi. Koma þyrfti á samráðsvettvangi til að finna snertifleti, byggja brýr milli sviða og auka samvinnu og samhæfingu.

Auka þjónusta við kjörna fulltrúa

- Kallað var eftir aukinni þjónustu við kjörna fulltrúa, t.d. vegna ferðalaga og móttaka og svo betur væri hægt að upplýsa þá og setja fljótt og örugglega inn í ýmis alþjóðamál (t.d. í samskiptum við fulltrúa erlendra ríkja og borga).

Styrkja, samhæfa og snjallvæða utanumhald utanlandsferða, heimsókna og móttaka

- Sumstaðar er gott utanumhald um ferðabókanir en einfalda þyrfti kerfið, bæta utanumhald og koma á rafrænum ferðaheimildum.
- Þarf betra utanumhald og samhæfingu þvert á kerfið um mikinn fjölda heimsókna erlendra aðila. Nýta má upplýsingakerfi og setja upp miðlæga gátt fyrir erlendar heimsóknir.
- Fram komu efasemdir um að þekkingarheimsóknir hingað, sem greitt væri fyrir, væru rétti farvegurinn. Það væri einfaldlega of hár þröskuldur fyrir suma sem hingað vildu sækja þekkingu.

Huga betur að umhverfisáhrifum alþjóðastarfs

- Huga að kolefnisspori ferðalaga og spyrja sig ávallt að því hvort ferðalög væru nauðsyn.



Ítarefni: Tengslanet & samstarf

Í alþjóðlegu samstarfi leggur Reykjavík áherslu á:

Evrópusamstarf

- Eurocities
- Samstarfsáætlanir ESB
- Sveitarstjórnarvettvangur EFTA
- Uppbyggingarsjóður EES
- Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins

Norrænt samstarf

- Norrænu höfuðborgirnar
- Norðurlandaráð/Norræna ráðherranefndin
- Vestnorrænt samstarf

Upprunalönd og -borgir íbúa af erlendum uppruna í Reykjavík

Tilflutningslönd og –borgir Reykvíkinga og Íslendinga erlendis

Annað marghliða samstarf

- Bloomberg Harvard City Leadership Initiative
- OECD Mayors Initiative for Equal Growth
- Re-inventing Cities (C-40)

Aðrir samstarfsaðilar:

- Dóttur- og hlutdeildarfélag Reykjavíkurborgar
- Íslenska ríkið
- Samband íslenskra sveitarfélaga
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- Systra- og samstarfsborgir (núverandi)
- Samfélög Íslendinga erlendis
- Aðila vinnumarkaðarins
- Fræða- og nýsköpunarsamfélagið

- Hér má sjá [yfirlit](#) yfir aðildir að samtökum, samningum/sáttmálum og ýmsum samstarfsverkefnum.